



**SKOÐUN** Síðasta PISA-könnun bendir til að nemendum líði vel í grunnskólum landsins. **14**



**MENNING** Hælisleitandinn Navid Nouri saumar fót og sinnir viðvikum í sjálfboðavinnu fyrir Konukot. **22**



**SPORT** Hafdís Sigurðardóttir átti magnaða helgi á MÍ í frjálsum, vann fimm gull og setti eitt Íslandsmet. **26**



**Whirlpool**  
ÞVOTTAVÉLAR

**Heimilistæki** ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

3. febrúar 2014  
28. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR




### Efla þarf íslenskukennslu

Zane Brikovska, verkefnastjóri fjölmenningarmála hjá Akureyrarbæ, bendir á að lögvarinn réttur innflytjenda til túlkunar fyrirþygi ekki vandamál. **8**

**Vatn og sölt úr hlandi** Thorlce seldi nýverið stóra ískrapavél til svínabús í Hollandi. Notað á tækið til að hreinsa svínahland. **2**

**Myndlistarkonur fá eigin garð** Til skoðunar er að setja upp sérstakan garð fyrir sex „formæður“ íslenskrar höggmyndalistar í Hljómskálagarðinum í Reykjavík. **4**

**Fátæk lönd missa mikilvægt starfsfólk** Innflytjendurnir, sem sum Vestur-Evrópuríki óttast að streymi frá ríkjum austar í álfunni, hafa margir hverjir verið dýrmætir starfskraftar í heimalandinu. **10**



Bolungarvík	-2°	NA12
Akureyri	-2°	NA 7
Egilsstaðir	-1°	NA 6
Kirkjubæjarkl.	1°	NA 9
Reykjavík	1°	NA11

**Hvessir með deginum**, 13-25 m/s en hægari NA- og A-lands. Það bætir síðan í úrkomu á öllu landinu seinna í dag og hlýnar. Hiti verður frá vægu frosti upp í 5 stig. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



# Ofbeldi gegn kennurum eykst

Dæmi eru um að séð hafi á kennurum eftir ofbeldi nemenda, segir varaformaður Félags grunnskólakennara. Nemendur ógna kennurum með því að nota síma til að taka upp og setja á netið þegar kennari brýnir raustina.

**SAMFÉLAG** Ofbeldi nemenda gegn kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskólanna fer vaxandi þótt það sé ekki algengt. Dæmi eru um að séð hafi á kennurum eftir áráss nemanda, að því er Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara, greinir frá. „Árásargjarnir nemendur á öllum stigum grunnskólans, sem eru sem betur fer ekki margir, grýta hlutum, rífa í kennara og annað starfsfólk og meiða,“ segir hún.

Niðurstöður könnunar skólafirvalda í Stokkhólmi frá því í fyrra sýna að níu prósent starfsmanna skóla höfðu orðið fyrir ofbeldi eða verið hótað á árinu á undan. Kennarar voru 60 prósent svarenda, samkvæmt frétt Sænska dagblaðsins. Guðbjörg kveðst ekki vita til að slík

könnun hafi verið gerð hér á landi.

Hér hafa kennarar í sumum tilfellum þurft að leita læknis vegna ofbeldis sem þeir hafa orðið fyrir. Spurð hvort þeir hafi þurft að fara í veikindafri vegna slíkra mála segir Guðbjörg svo vera. „Einelti fyrirfinnst alls staðar. Það eru til foreldrar og nemendur sem leggja kennara í einelti og einelti hefur áhrif á kennara eins og aðra.“ Að sögn Guðbjargar er allur gangur á því hvernig skólastjórnendur taka á málum. „Sumir segja að máli sé ekki fylgt nógu vel eftir en aðrir segja að skólastjórnendur standi 110 prósent með þeim. Þá er fundað með viðkomandi nemanda og foreldrum og utanaðkomandi kallaðir til ef þurfa þykir.“

Nemendur eru farnir að ógna

kennurum með því að bregða símum á loft í kennslustofunni, mynda þá og taka upp hljóð en yfirleitt er bannað að vera með síma í skólunum. „Nemendur hafa tekið upp hljóðið þegar kennarinn brýnir raustina. Þetta er svo sett á netið. Það er hins vegar ekki sýnt hvað nemendur gerðu markvisst, jafnvel um langt skeið, til að eigna kennarann. Nemendur nota símana sem tæki til að hóta kennurum. Fyrir kemur að grunnskólanemendur séu með síma sem kosta á annað hundrad þúsund krónur. Það er skiljanlegt að foreldrar vilji að börnin hafi síma sem öryggistæki en í þeim tilgangi þurfa nemendur ekki síma með öllum mögulegum tækninýjungum. Það ætti að vera nóg ef hægt er að hringja í símana og úr þeim.“



Árásargjarnir nemendur [...] grýta hlutum, rífa í kennara og annað starfsfólk og meiða.

Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður Félags grunnskólakennara.

Guðbjörg tekur fram að alltaf hafi loðað við að nemendur reyni að espa upp kennara. „Það hefur ekkert breyst síðan ég var í skóla. Málin lenda hins vegar í öðrum farvegi núna. Nú eru viðbrögð kennaranna sýnd öllum almenningi en ekki aðdragandinn.“



**BARNLEIÐSÖGN** Fjöldi barna mætti með foreldrum í svokallaða barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands í gær. „Þetta er eiginlega að sprengja utan af sér, við höfum alltaf haft barnaleiðsögn fyrsta sunnudaginn í hverjum mánuði. Áður fyrr mættu yfirleitt um 50 manns en undanfarið hafa um 150 manns sótt leiðsögnina,“ segir Ólöf Breiðfjörð, kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins. „Bæði börn og foreldrar hafa jafn gaman af þessu og erum við ákaflega þakklát fyrir þessi frábæru viðbrögð.“

## Máli skiptir að gelda ketti: Flækingsköttur húsum hæfur

**DÝRALÍF** „Maður finnur alveg að hann hefur einhvern tímann átt heimili,“ segir Halldóra Björk Ragnarsdóttir, starfsmaður Kattholts, um köttinn Berg sem var á flækingsi um Hafnarfjörð í átta ár. Bergi var bjargað og hann fær nú viðeigandi meðferð og gott atlæti í Katt-holti.



BERGUR

„Svona fer fyrir köttum sem ekki eru geltir,“ segir Halldóra. „Þeir slást við aðra ógelta fressketti og sumir lenda á vergangi, eins og Bergur.“

Búið er að gelda köttinn og hann er farinn að gefa sig að starfsfólki Kattholts. „Ef þetta væri alveg villtur köttur þá væri erfiðara að nálgast hann,“ segir Halldóra.

- ue / sjá síðu 30

Lítill áhugi er á inngöngu í ESB samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins:

# Um fjórðungur vill ganga í ESB

**KÖNNUN** Rúmur fjórðungur landsmanna, um 26,2 prósent, er því fylgjandi að Ísland gangi í Evrópusambandið (ESB) samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir helgi.

Tæpur helmingur þjóðarinnar, 48,2 prósent, segist andvígur því að ganga í ESB og fjórðungur til viðbótar, 25,2 prósent, var því hvorki hlynntur né andvígur.

Andstaðan við inngöngu í ESB er langmest meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins. Tíundi hver flokksmaður, 9,9 prósent, vill ganga í sambandið en þrjár af hverjum fjórðungum, 75,6 prósent, eru því andvígur.


Andstaðan er ekki jafn mikil meðal kjósenda Framsóknarflokks-

ins. Um 19,2 prósent þeirra eru fylgjandi aðild en 61,5 prósent andvíg. Af stuðningsmönnum Vinstri grænna sögðust 20 prósent vilja ganga í ESB en 46,7 prósent vilja það ekki.

Mestur er stuðningurinn við Evrópusambandsaðild meðal stuðningsmanna Samfylkingarinnar, 58,2 prósent. Um 47,8 prósent þeirra sem kjósa myndu Bjarta framtíð vilja ganga í ESB, og svipað hlutfall Pírata, 46,7 prósent, er sömu skoðunar.

Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 29. og 30. janúar. Svarhlutfallið var 61 prósent. Spurt var: Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Ísland gangi

## Afstaða til aðildar



í Evrópusambandið? Alls tóku 85,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. - bj / sjá síðu 6

Sushi allan sólarhringinn!

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Eyri þá sem þóra

GRÁÐSÖTUR



## SPURNING DAGSINS



Sigríður, var skipt um hest á miðju vaði?

„Það var ekki riðið við einteyming.“ Sigríður María Egilsdóttir var tilnefnd til Edduverðlauna fyrir leik sinn í Hross í oss, en það var þó ekki hennar rödd sem áhorfendur heyrðu í myndinni.

Neyðarkall barst í gærðag frá lekum báti skammt frá Akranesi:

## Leitað á Faxaflóa fram á kvöld

**SLYS** Mikill viðbúnaður var vegna neyðarkalls sem barst frá báti við Akranes í talstöðvakerfi Landhelgisgæslunnar um miðjan dag í gær.

Í neyðarkallinu kom fram að báturinn læki og að skipverjar væru að fara í björgunargalla.

Allt tiltækt lið Landhelgisgæslunnar var kallað út auk þess sem tvær finnskar herþylur, sem voru staddir hér á landi vegna loft-rýmigæslu, voru nýttar í leitina. Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá Grindavík,

Sandgerði, Hafnarfirði, Reykjavík og Rífi leituðu einnig bátsins. Smábátar á svæðinu aðstoðuðu líka.

Leitað var frá Reykjanestá að austasta hluta Snæfellsness, en áhersla var lögð á leit innarlega í Faxaflóa, þar sem báturinn var talinn hafa verið staddur við Akranes.

Þegar blaðið fór í prentun í gær hafði leitinn ekki borið árangur. Smábátar, þylur og flugvélar hættu leit um klukkan átta en björgunarskip leituðu fram undir klukkan tíu. Slæm skilyrði voru til leitar. - kak



**ALLIR LEITUÐU** Allt tiltækt lið Landhelgisgæslunnar var kallað út í gær. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

## Annar leikskólinn frá Hrúni: Nýr leikskóli í Kópavogi opnar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Um helgina var leikskólinn Austurkór í Kópavog vígður. Hann er annar leikskólinn sem opnaður hefur verið frá október 2008. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri færði skólanum spjaldtölvu að gjöf og Aðalsteinn Jónsson, formaður leikskólaneftndar, gaf honum heimskort fyrir hönd leikskólaneftndar og menntasviðs. Austurkór er 21. leikskólinn sem Kópavogsbær rekur, en auk þess eru tveir einkareknir leikskólar í sveitarfélaginu. - kak



**FARINN** Kvikmyndagerðarmaðurinn Woody Allen og eiginkona hans, Soon-Yi Previn, yfirgefa körfuboltaleik milli Miami Heat og New York Knicks skömmu fyrir leikslok í New York á laugardag. Miami vann 106-91. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Dylan Farrow ritar bréf um misnotkun af hálfu Woody Allen: Segir Hollywood dreifa salti í sár

**BANDARÍKIN, AP** Dylan Farrow, ættleidd dóttir kvikmyndaleikstjórans Woody Allen og leikkonunnar Mia Farrow, áréttar í opnu bréfi í New York Times um helgina sakir sem hún ber föður sinn um kynferðislega misnotkun þegar hún var barn. Alvarlegasta atvikið segir hún hafa átt sér stað þegar hún var sjö ára.

Í bréfinu segist Farrow hafa orðið að tjá sig vegna viðvarandi stuðnings og aðáunar kvikmyndaiðnaðarins í Hollywood á Allen. Hann er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir nýjustu mynd sína. Þá var hann heiðraður á nýafstaðinni Golden Globe hátíð fyrir framlag sitt til kvikmyndanna. Saksóknari lét árið 1992 mál á hendur Allen niður falla, en hann hefur alltaf haldið fram sakleysi sínu. - ók

## Harmleikur á Manhattan: Leikari fannst látinn í gær

**BANDARÍKIN** Bandaríski leikarinn Philip Seymour Hoffman fannst látinn í íbúð sinni á Manhattan skömmu fyrir hádegi í gær. Banamein hans er talið of stór skammtur lyfja, en hann hafði átt við fíkniefnavanda að stríða.

Hoffman var 46 ára og vann Óskarsverðlaun árið 2005 fyrir leik í kvikmyndinni Capote. - kak



PHILIP SEYMOUR HOFFMAN

## Niðurfellt kynferðisbrot: Fleiri gögn birt á internetinu

**LÖGREGLUMÁL** Fleiri gögn í meintu kynferðisbrotamáli lögreglumanns gegn ungrri stúlkunni hafa verið birt á vefsíðu á netinu.

Meðal þess sem birt er á síðunni eru bréf sem móðir stúlkunnar sendi umboðsmanni Alþingis.

Málið var ítarlega rannsakað á sínum tíma en þótti ekki líklegt til sakfellingar. Lögregluáðurinn hyggst fara í mál við aðstandendur síðunnar vegna birtingar gagnanna og Ríkissaksóknari kannar hvort tilefni sé til þess að hann aðhafist í málinu. - kak

## Vatn og sölt unnin úr svínahlandskrapi

ThorIce seldi stóra ískrapavél til svínabús í Hollandi nýverið, sem nota á til að hreinsa svínabvag. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sér tækifæri á þessum markaði í Evrópu. Þetta er í fyrsta sinn sem vél frá ThorIce er notuð í þessum tilgangi.

**ÍÐNAÐUR** Fyrirtækið ThorIce seldi nýverið stóra ískrapavél til Hollands, sem nota á til hreinsunar á svínabvagi á svínabú. Umrædd vél er þróuð fyrir fiskiðnað og hefur verið notuð hér á Íslandi sem og víða um heim á undanförunum tíu árum. Hún framleiðir ískrapa úr svínabvagi, en þegar ísinn hefur verið síður frá og bráðnar er hann nánast hreint vatn. Aðferðina væri einnig hægt að nota til hreinsunar á kúabvagi.

„Við höfum alltaf haldið því fram að það sé umhverfismál að fara vel með fiskinn, að kæla hann vel svo hann endist lengur. Til þess er búnaður okkar í skipum og fiskvinnslum notaður. Þarna erum við komnir inn í annan hluta af umhverfismálum, með því að hreinsa þvag svo úr verði nánast hreint vatn,“ segir Þorsteinn Ingi Víglundsson, stofnandi og framkvæmdastjóri ThorIce.

Þorsteinn og samstarfsmenn hans hjá ThorIce hafa skoðað markaði fyrir þessa tækni í Evrópu. „Markaðurinn fyrir hreinsun svína- og nautgripabvags er alveg geysilega stór.



Ef þetta er ekki hreinsað og, sem dæmi, borið beint á tún, fer þetta út í umhverfið. Markmiðið með þessari notk-



**MARGIR KOMA AÐ** Þorsteinn Ingi Víglundsson er hér til vinstri, ásamt Hauki Hilmarsyni og Birgi Jósafatssyni, sem ásamt fleirum hafa unnið að smíði vélanna. MYND/THORICE

un vélarinnar er að skilja söltin í þvagini frá og bóndinn getur svo selt þau sem afurð. Þar að auki er hægt að hreinsa vatnið með geislun og setja það út í umhverfið eða aftur til skepnanna.“

„Þetta er í fyrsta sinn sem okkar vélar eru notaðar í þessum tilgangi, en þörfin er alveg rosaleg og við sjáum mikil tækifæri í Evrópu. Evrópusambandið er að leggja mikla á áherslu á hreinleika vatns og vatnshreinsun. Þar eru Hollendingar líklegast harðastir, því þeir eiga lítið af grunnvatni. Kaupendurnir voru búnir að skoða marga framleiðendur svipaðs búnaðar og við erum með. Við þóttum henta vel og vélin hefur reynst mjög vel.“ ThorIce hefur fengið styrk frá

Tækniþróunarsjóði meðal annars til þess að þróa vélar sem nota umhverfisvæna kælimiðla sem ekki skaða umhverfið. Þorsteinn segir stuðning Tækniþróunarsjóðs vera ómetanlegan fyrir svona fyrirtæki sem er að þróa vörur fyrir alþjóðlegan markað, en yfir 85% af sölu fyrirtækisins eru erlendis.

Vélar ThorIce eru þegar mikið notaðar í Hollandi í litlum bátum og stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Einnig hefur vél frá fyrirtækinu verið notuð á Hrúarskelduhátíðinni í Danmörku til að framleiða krapadrykki fyrir gesti. Í sumari var stærstur hluti framleiðslu fyrirtækisins fluttur til Íslands og starfsfólki fjölgað. samuel@frettabladid.is



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Óttast að endurkoma forseta leiði aftur til óeirða í Kænugarði:

## Forseti Úkraínu úr veikindaleyfi

**ÚKRAÍNA** Viktor Janúkovítsj, forseti Úkraínu, snýr til baka úr stuttu veikindaleyfi dag. Veikindaleyfi forsetans vakti áhyggjur manna um að hann væri í þann veg að lýsa yfir neyðarástandi í landinu.

Fjarvera Janúkovítsj varð til þess að ró komst á samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu, en endurkoma hans er líkleg til þess að aftur leiði til óeirða í Kænugarði.

Á sunnudag voru stærstu mótmæli andstæðinga forsetans haldin í miðborg Kænugarðs og komu saman um 30 þúsund manns á aðaltorgi borgarinnar. Helstu leiðtogar stjórnarandstöðunnar tóku til máls og kröfðust meðal annars lausnar allra 116 mótmælendanna, sem handteknir hafa verið í mótmælunum undanfarna þrjú mánuði.

Gert er ráð fyrir að þing Úkraínu taki fyrir á fimmtudag breytingar á stjórnarskrá sem minnka völd forsetans og færir þau forsætisráðherra landsins.

Janúkovítsj hefur enn ekki skipað forsætisráðherra í stað Mykola Azarov, sem sagði af sér í síðustu viku. - eb



**MÓTMÆLI** 30 þúsund stjórnarandstæðingar mótmæltu á sunnudag samstarfi stjórnvalda við Rússland á kostnað aukinna samskipta við Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
6 mánuði  
fylgir!



**iPhone 5c 16GB**

**89.990 kr.** stgr.  
**5.490 kr.** /18 mán.

**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
12 mánuði  
fylgir!



**iPhone 5s 16GB**

**109.990 kr.** stgr.  
**6.690 kr.** /18 mán.

# 4G fyrir alla og 2 fyrir einn

**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
3 mánuði  
fylgir!



**Samsung Galaxy S4**

**99.990 kr.** stgr.  
**5.990 kr.** /18 mán.

**4G**  
LTE

**1.000 kr.**  
notkun í  
3 mánuði  
fylgir!



**LG G2**

**99.990 kr.** stgr.  
**5.990 kr.** /18 mán.

FEBRÚAR

**2f1**

**TILBOÐ**

**2f1 af matseðli á Vegamótum  
í hádeginu mán., þri. og mið.**

Gildir ekki af rétti dagsins og þegar tekið er heim.

**2f1 á Nauthóli af kjúklingasalati,  
Nauthólsborgara og fiskisúpu.**

Gildir til 12. febrúar, frá kl. 14-22.

**2f1 í Smárabíó og Háskólabíó  
af alm. miðaverði mið. og fim.**

Gildir ekki á íslenskar myndir eða í Lúxussal.

**2f1 hjá Hraðlestinni Lækjargötu  
Hádegismatseðill mán. og þri.**

Gildir ekki þegar matur er tekinn með heim.

**Nánar í Nova appinu  
og á m.nova.is**

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

**4G hjá Nova** er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter



SVONA ERUM VIÐ



**1,5 milljónir lítra af geril-sneyddri súkkulaðimjólk voru drukknar á Íslandi árið 1990.**

Sautján árum seinna runnu 2,4 milljónir lítra niður í belginn á landanum.

Heimild: Hagstofan.is

John Kerry varar Ísrael við afleiðingunum ef friðarviðræður mistakast:

# Netanjahú blæs á orð Johns Kerry

**ÍSRAEL** Benjamín Netanjahú, forsætisráðgjafi Ísraels, fullyrðir að það að sniðganga ísraelsk fyrirtæki, sem tengjast landnemabyggingum, muni ekki ná tilætluðum árangri.

Aukinn fjöldi evrópskra fyrirtækja og sjóða er hættur að eiga viðskipti við ísraelsk fyrirtæki sem tengjast landnemabyggingum á Vesturbakkanum.

John Kerry, utanríkisráðgjafi Bandaríkjanna, sagði á öryggisráðstefnu í Þýskalandi um helgina að ef friðarviðræður milli Ísraels og

Palestínu mistækjust, kæmi þessi þróun til með að ógna efnahagslegum stöðugleika og öryggi Ísraels.

Netanjahú segir alþjóðlegan þrýsting á Ísrael bara leiða til harðari afstöðu Palestínumanna. Þá segir hann að það að sniðganga fyrirtæki frá Ísrael siðlaust og óréttlátt. Nokkrir ráðgjafa ríkisstjórnar hans hafa gengið lengra og sakað Kerry um að grafa undan réttmæti ríkis gyðinga og möguleikanum á samkomulagi við Palestínunum.



**ÓHRÆDDUR** Netanyahu sagði að það að hætta viðskiptum við ísraelsk fyrirtæki myndi ekki hafa tilætluð áhrif.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fræðsla um fjármál vinsæl

**VIÐSKIPTI** Ný námskeið í fjármálafræðslu, samstarfsverkefni Verðbréfabjónustu Íslandsbanka og Opna háskólans í Reykjavík, hafa fengið góðar viðtökur. Fullt er á fyrsta námskeiðið sem hefst á fimmtudag og fjallar um fyrstu skref fjárfestinga.

„Aukin þekking er lykilatriði í fjárhagslegu heilbrigði og eftirspurnin eftir fræðslu er alltaf að aukast,“ segir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri fræðslu og viðskiptaþróunar VÍB.



**52 PRÓSENTA AUKNING** Erlendir ferðamenn greiddu 214 milljónir til bílaleigna í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Aukin velta til bílaleigna:

# Keyra meira á bílaleigubílum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendir ferðamenn virðast nota bílaleigubíla í meiri mæli en áður hefur mælst í desember. Rannsóknasetur versunarinnar segir ferðamenn hafa greitt 214 milljónir króna fyrir bílaleigubíla í desember. Það er aukning um 52 prósent á milli ára. Í desember 2012 greiddu þeir 141 milljón króna.

Þá eyddu erlendir ferðamenn 784 milljónum króna í skipulagðar skoðanaferðir og ýmsa sérsniðna ferðaþjónustu í desember, sem er aukning um 68 prósent.

-skó

Geimferðastofnun á Íslandi:

# NASA mælir hreyfingu jökla

**VÍSINDI** Vísindamenn frá bandarísku geimferðastofnuninni (NASA) og Caltech-háskóla í Kaliforníu þróa nú nýja tækni til ratsjármælinga á hreyfingu jökla í samvinnu við jöklafræðinga Háskóla Íslands að því er segir í tilkynningu skólans.

Mæla á hreyfingu jökla hér. „Flogið verður yfir Langjökul og Hofsjökul með nokkurra klukkustunda millibili í nokkra daga og við það fæst samfelld mynd af hreyfingu jökla. Á sama tíma verður komið fyrir GPS-landmælingatækjum sem mæla mjög nákvæmlega færslur í stökum punktum á jöklu.“

-gar

# Formæður íslenskra höggmynda fá sinn eigin garð

Uppsetning á sérstökum garði fyrir sex „formæður“ íslenskrar höggmyndalistar í Hljómskálagarðinum er til skoðunar hjá Reykjavíkurborg. Konur hafa lagt mikið til listarinnar og eiga að fá garð sér til heiðurs segir í kynningu.

**LISTIR** Skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt staðsetningu höggmyndagarðsins fyrir „formæður“ íslenskrar höggmyndalistar hjá japönsku kirsuberjatrjúnum í suðvesturhorni Hljómskálagarðsins.

Vísad er til þess í kynningu á höggmyndagarðinum að ríki og borg reki listasöfn til minningar um „feður“ íslenskrar höggmyndalistar, þá Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson og Sigurjón Ólafsson. Konur hafi einnig lagt mikið til höggmyndalistar á Íslandi og því sé lagt til að setja upp garð þeim til heiðurs.

Gert er ráð fyrir verkum sex listakvenna í garðinum. Þær eru Gunnfríður Jónsdóttir (1889-1968), Nína Sæmundsson (1892-1962), Tove Ólafsson (1909-1992), Þorbjörg Pálsdóttir (1919-2009), Ólöf Pálsdóttir (1920) og Gerður Helgadóttir (1928-1975).

„Í sögu Tjarnarsvæðisins má finna dæmi um hversu erfitt konur áttu uppráttar í íslenskri myndlist. Hafmeyja Nínu Sæmundsson sem var sett upp í Tjörninni var sprengd í loft upp 1959. Piltur og stúlka Tove Ólafsson var gefin Þjóðleikhúsinu við opnun hússins 1950 en síðan úthýst og var þá færð borginni til varðveislu og komið fyrir í Hljómskálagarðinum,“ segir í kynningu á verkefninu.

Í umsögn Hafþórs Yngvasonar, forstöðumanns Listasafns Reykjavíkur, segir að mikilvægt sé að gestir garðsins skilji sérkenni myndhöggvaranna og ástæður þess að að

„Í sögu Tjarnarsvæðisins má finna dæmi um hversu erfitt konur áttu uppráttar í íslenskri myndlist.“

Kynning á garði fyrir formæður íslenskrar höggmyndalistar.



**NÍNA SÆMUNDSSON** Hafmeyja Nínu í Reykjavíkurtjörn var sprengd í loft upp.



**GERÐUR HELGADÓTTIR**

sýna verk þeirra saman.

„Ferill þeirra er ólíkur enda aðstæður þeirra mismunandi og eru verkin valin til að sýna breiddina í listsköpun þeirri. Það sem listakonurnar eiga sameiginlegt er að vera frumkvöðlar á mótunarskeiði myndlistar á Íslandi og að hafa brottist til mennta og haft þann styrk að stunda list sína við erfiðar aðstæður,“ segir Hafþór í umsögninni.

Gert er ráð fyrir gagnvirkri vefsíðu með upplýsingum sem gestir geta nýtt sér á staðnum. „Lagt er til að samtímalistamenn verði fengnir til að hanna merkingar á staðnum og yfirbragð vefsíðunnar með það í huga að gera hana listræna og lifandi. Einnig verði á hverju ári, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars, fengnir lista-

menn til að gera gjörninga í garðinum sjálfum til heiðurs myndhöggvurunum og til að vekja athygli á baráttu þeirra,“ segir forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

Skipulagsráð hefur nú samþykkt staðsetningu höggmyndagarðsins og kemur málið nú til kasta borgarráðs.

gar@frettabladid.is

# LJÁÐU OKKUR EYRA

Árleg tónleikaröð sem notið hefur mikillar hylli frá því í október 2009



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

**Hádegistónleikar í Fríkirkjunni alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45 frá 5. febrúar til 9. apríl**


Vikulegir tónleikar með mörgum af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar undir listrænni stjórn Gerrit Schuil.

Gestir vetrarinnar verða: Hallveig Rúnarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Diddú, Hanna Dóra Sturludóttir, Sóla Braga, Elmar Gilbertsson, Michael Jón Clarke, Guðný Guðmundsdóttir, Þóra Einarsdóttir og Ágúst Ólafsson.

Vinsamlegast athugið: Aðgangscyfir 1000 kr. Ekki er tekið við greiðslukortum.

# Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**ÚRKOMA Á ÖLLU LANDINU** seinni part dags og búast má við stormi á vesturhluta landsins og við SA-ströndina. Það dregur úr úrkomu N-lands á morgun og vind lægir þegar líða tekur á morgundaginn. Hiti frá vægu frosti og að 6 stigum næstu daga.

Alicante 20°	Billund 7°	Gautaborg 3°	London 9°	Orlando 27°	San Francisco 12°
Basel 7°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 3°	Mallorca 15°	Ósló 2°	Stokkhólmur 2°
Berlín 3°	Friedrichshafen 6°	Las Palmas 20°	New York 4°	París 9°	

**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður



# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL

Gerðu betri bílakaup!

Komdu!  
**50.000 kr.**  
eldsneytisneign  
fylgir öllum notuðum bílum  
til 5. febrúar\*.




► **Tilboð: 2.590.000 kr.**

**Citroën C4 Comfort** SNZ90  
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.  
Ekinn 29.000 km.  
Ásett verð: 2.790.000 kr.



► **Tilboð: 1.090.000 kr.**

**Nissan Primera** Acenta VE638  
Skráður otk. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 115.000 km.  
Ásett verð: 1.290.000 kr.



► **Tilboð: 2.590.000 kr.**

**Mazda3 Advance** ZLP50  
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.  
Ekinn 33.000 km.  
Ásett verð: 2.770.000 kr. [ábyrgð]



► **Tilboð: 4.190.000 kr.**

**Ford Kuga** Titanium S AWD TKV42  
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 71.000 km.  
Ásett verð: 4.660.000 kr.



► **Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Citroën C8 SX** DAL57  
Skráður júní 2008, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 76.000 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr.

**FINNDU BÍLINN  
PINN Á  
NOTADIR.BRIMBORG.IS**  
TÖKUM ALLAR GERDIR  
BÍLA UPPÍ!



► **Tilboð: 3.790.000 kr.**

**KIA Ceed EX** RYZ21  
Skráður sept. 2012, 1,6Di dísil, sjálfsk.  
Ekinn 4.000 km.  
Ásett verð: 3.990.000 kr.



► **Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Peugeot 407** HZN09  
Skráður okt. 2007, 1,6Di dísil, beinsk.  
Ekinn 91.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.



► **Verð: 7.990.000 kr.**

**Ford Explorer Limited** 4X4 KXV56  
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 61.000 km.



► **Tilboð: 2.490.000 kr.**

**Ford Edge SEL Plus AWD** SIS80  
Skráður ágúst 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 133.000 km.  
Ásett verð: 2.790.000 kr.



► **Tilboð: 7.590.000 kr.**

**MMC Pajero Instyle** REJ72  
Skráður maí 2011, 3,0Di dísil, sjálfsk.  
Ekinn 65.000 km.  
Ásett verð: 7.990.000 kr.



► **Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** JTE22  
Skráður apríl 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.  
Ekinn 31.000 km.  
Ásett verð: 3.190.000 kr.



► **Tilboð: 1.790.000 kr.**

**Hyundai i20 classic** LVBS1  
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.  
Ekinn 40.000 km.  
Ásett verð: 1.940.000 kr.



► **Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Citroën C4 Grand Picasso Comf.** RAM43  
Skráður maí 2008, 1,6 dísil, sjálfsk.  
Ekinn 90.000 km.  
Ásett verð: 2.190.000 kr.



► **Verð: 1.190.000 kr.**


**Ford C-MAX Trend** U1B39  
Skráður ágúst 2005, 1,6i bensín, beinsk.  
Ekinn 92.000 km.



► **Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** P1M87  
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 77.000 km.  
Ásett verð: 3.480.000 kr.

Fylgstu með á  
**FACEBOOK**



Notaðir bílar  
- Brimborg

Tilboðsbílar fara  
beint á Facebook!

**BÍLALÁN**

ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN

**NOTADUR UPP Í NOTADAN!**

Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði og þú getur fengið milligjöfina lánaða - möguleiki á engri útborgun.

Skoðuðu úrvalið á  
**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

\*50.000 kr. bensínneign fylgir öllum notuðum bílum frá Brimborg sem seldir eru á tímabilinu 28. janúar til og með 5. febrúar. Athugið: á ekki við um bíla í umboðssölu.

50 ár í bilgræininni

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á



**VEISTU SVARIÐ?**



1. Stuðningurinn við Sjálfstæðisflokkinn hefur aukist mikið, hversu mikið fylgi mælist hann nú með samkvæmt skoðana-könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2?
2. Hversu mikið kostuðu ferðalög forseta Íslands í fyrra?
3. Hversu margir Íslendingar eru heimsforeldrar og stýðja þar með starf UNICEF í hverjum mánuði?

SVÖBIR

1. 30,5 prósent 2. 7.898.570 krónur 3. 22.000

# Tilraunasiglingar farþegabátsins Víkinga hófust í gær á milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja: Víkingur á að auka nýtingu Landeyjahafnar

**SAMGÖNGUR** „Það er verið að auka nýtingu Landeyjahafnar með Víkingi en þetta er tilraunaverkefni til tveggja mánaða,“ segir Gunnlaugur Grettisson, rekstrarstjóri Herjólfss. Farþegabáturinn Víkingur, sem er í eigu ferðaþjónustufyrirtækisins Viking Tours, hóf í gær áætlanarsiglingar á milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja. „Viking Tours sér um rekstur skipsins og ber ábyrgð á siglingunum en Eimskip um söluhlöðina og upplýsingagjöf. Miðar í Víkingu eru seldir á heimasíðu Herjólfss,“ útskýrir Gunnlaugur.

Siglingar Víkinga eru samþættaðar við áætlun Strætó á Suðurlandi, tvær ferðir á dag ef aðstæður leyfa. Verð á aðgöngumiðum í Víking er það sama og í Herjólf en Víkingur er um 40 til 50 mínútur að sigla á milli



**GUNNLAUGUR GRETTEISSON**

Landeyjahafnar og Vestmannaeyja. Víkingur ristir töluvert minna en Herjólfur og er því hentugri fyrir Landeyjahöfn yfir vetrartímann en hins vegar getur Víkingur ekki siglt ef ölduhæðin fer yfir 2,4 metra. „Ef fólk á miða í Víking og ferð fellur niður vegna ófærðar fær fólk miðann endurgreiddan eða það getur flutt sig í ferð Herjólfss til Þorlákshafnar. Gert er ráð fyrir að Herjólfur geti hafið siglingar til Landeyjahafnar um miðjan marsmánuð.“



**VÍKINGUR** Báturinn hóf í gær siglingar á milli Landeyjahafnar og Eyja. MYND/GUNNLAUGUR GRETTEISSON

## Rósa leiðir lista í Hafnarfirði: Vann afgerandi sigur í prófkjöri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rósa Guðbjartsdóttir vann afgerandi sigur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði í gær og leiðir listann fyrir bæjarstjórnarkosningarnar næsta vor. Konur skipa fjögur af sex efstu sætum listans. 1.305 manns tóku þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

**Vill 3. sæti**

Sverrir Bollason, fulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík í velferðarráði, gefur kost á sér í þriðja sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík til borgarstjórnarkosninga.

**Vill oddvitasætið**

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, býður sig fram í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ.

**Óskar eftir 2. sæti**

Aðalsteinn Jónsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, býður sig fram í annað sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.

**Gísli gefur kost á sér**

Gísli Garðarsson gefur kost á sér í þriðja til fjórða sæti í félagsfundarvali Vinstri grænna í Reykjavík. Gísli nemur latínu og forngrísku við Háskóla Íslands og situr í stjórn Vinstri grænna í Reykjavík og flokksráði.

**Sækist eftir 3.-4. sæti**

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, hefur ákveðið að gefa kost á sér í þriðja til fjórða sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík.

# Stuðningsmenn allra vilja þjóðaratkvæði

Mikill meirihluti stuðningsmanna allra flokka vill að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við ESB fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor. Þrír af hverjum fjórum landsmönnum vilja halda atkvæðagreiðsluna í vor.

**KÖNNUN** Þrír af hverjum fjórum landsmönnum vilja halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor. Afgerandi meirihluti er meðal stuðningsmanna allra flokka fyrir því að halda atkvæðagreiðsluna í vor.

Alls vilja 74,6 prósent halda þjóðaratkvæðagreiðsluna í vor, en 25,4 prósent vilja það ekki samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Þegar afstaða fólks er skoðuð eftir stuðningi við flokka sést að stuðningurinn við atkvæðagreiðslu í vor er mestur hjá stuðningsmönnum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Pírata.

Alls vilja 84,8 prósent kjósenda Bjartrar framtíðar kjósa í vor, 80,8 prósent þeirra sem stýðja Samfylkinguna og 83,9 prósent pírata.

Stuðningurinn er heldur minni meðal kjósenda annarra flokka. Um 68,9 prósent kjósenda Framsóknarflokksins vilja þjóðaratkvæðagreiðslu í vor, 65,3 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins og 65,6 prósent fylgismanna Vinstri grænna.


Lítill munur var á afstöðu fólks eftir búsetu og aldri. Ekki var marktækur munur á afstöðu kynjanna.

brjann@frettabladid.is



**KJÓSENDUR FRAMTÍÐAR** Ekki er verulegur munur á afstöðu fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald ESB viðræðna eftir stjórnarmálaköðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Afstaða til þjóðaratkvæðagreiðslu í vor



## → Aðferðafræðin

Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 29. og 30. janúar. Svarhlutfallið var 61 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Vilt þú að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta vor? Alls tóku 79,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

## Frumkvöðull á nýjum stað: Kristján Freyr í stjórn Meniga

**VIÐSKIPTI** Kristján Freyr Kristjánsson hefur verið ráðinn í framkvæmdastjórn Meniga og mun bera ábyrgð á öllum íslenskum viðskiptum fyrirtækisins.



**KRISTJÁN FREYR KRISTJÁNSSON**

Kristján lét nýverið af störfum sem framkvæmdastjóri Klak Innovit eftir fimm ára starf en Meniga hóf einmitt starfsemi sína í húsakynnum Klak Innovit árið 2009.

Meniga hóf starfsemi sína hér á Íslandi árið 2009 en hefur síðan þá verið keypt af nærri 20 fjármálastofnum í 16 löndum og nær nú til rúmlega 10 milljóna netbankanotenda.

## Suðurnesjamenn ósáttir: Segja óréttlæti í heilbrigðiskerfi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ekki verður lengur við það unað að framlög til heilbrigðisþjónustu á hvern íbúa á Suðurnesjum verði áfram í slíku ósamræmi við aðra þegna landsins og raun ber vitni,“ segir bæjarráð Sandgerðis og kveðst þar með taka undir gagnrýni annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum.

„Það er réttlætmál að yfirvöld heilbrigðismála bregðist við og leiðrétti hróplega mismunun sem komið hefur í ljós við samamburð á framlögum ríkisins til heilbrigðismála á svæðinu miðað við önnur svæði landsins. Bæjarráð skorar á þingmenn Suðurlandsdæmis að sameinast um að beita sér fyrir leiðréttingu þessa mismæmis.“

# Hágæða múrefni í Múrbúðinni

**Sergo 261** þerjarnir  
Fylg erörkerill  
25 kg 2.780,-

**Weber REP 940**  
þerjarnir grár  
25 kg 2.680,-

**Weber Gráf**  
Múrblanda  
25 kg 1.648,-

**Weber Múrgjöf**  
múrblanda  
25 kg 1.785,-

**Weber dur 629**  
gipsur  
30 kg 2.385,-

**Deka Hrað**  
vélgræðublanda  
25 kg 4.178,-

**Deka Fiber** þerjastyrkt múrblanda  
25 kg 3.288,-

**Deka Látur**  
5 ltr. 4.690,-

**Deka Atryl** gúmmur  
1 kg 1.228,-  
5 kg 4.690,-

**Munið 5% Pallaafsláttinn. Leitið tilboða í meira magn.**

**MÚRBÚÐARVERÐ**

**Látið fagmenn vinna verkin!**

Reykjavík	Kletthéi 7.	Opnir mið-6 M. 8-18, lang. 10-16
Reykjavík	Fuglsvík 14.	Opnir mið-6 M. 8-18
Akureyri	Óeyri 1.	Opnir mið-6 M. 8-18, lang. 10-14

**MÚRBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sölufélagsheiti.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburði!





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# REKSTRARLEIGA TOYOTA

## Ný þjónusta fyrir fyrirtæki



Nú býður Toyota fyrirtækjum nýja bíla á rekstrarleigu. Leigutíminn er 1 – 3 ár og á meðan hefur fyrirtækið bílinn til umráða gegn föstu mánaðargjaldi.

Innifalið í mánaðargjaldi:

- Afnot af bílnum
- Smurþjónusta
- Þjónustuskoðanir
- 20.000 km akstur á ári.

Gegn viðbótargjaldi má bæta við tryggingum, bifreiðagjöldum, vetrardekkjum og dekkjaskiptum.

Kynntu þér rekstrarleigu Toyota hjá viðurkenndum söluaðilum.



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000



## Hvetja foreldra til óhlýðni: Skrá sig einstæða á skýrslu

**SAMFÉLAG** Samtök meðlagsgreiðenda hvetja einstæða umgengnisforeldra til borgaralegrar óhlýðni með því að auðkenna sig á skattaskýrslunni sem einstæða foreldra.

Með aðgerðunum mótmæla samtökin framgöngu hins opinbera gagnvart umgengnisforeldrum og stöðu þeirra gagnvart velferðarkerfinu. Þeir fá ekki ívilnanir sem réttilega skráðir, einstæðir foreldrar þiggja frá ríki og sveitarfélögum. Einstæðir umgengnisforeldrar séu líka einstæðir foreldrar. -ebg

## Ánægjan með störf forsætisráðherra mikil hjá stuðningsfólki stjórnarflokka samkvæmt könnun: Nærri 40% finnst Sigmundur standa sig vel

**KÖNNUN** Rúmum þriðjungi landsmanna finnst Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafa staðið sig vel í embætti forsætisráðherra samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir helgi.


Alls sögðust 38,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni að Sigmundur Davíð hefði staðið sig mjög eða frekar vel í embætti. Um 31 prósent sagði hann hafa staðið sig mjög eða frekar illa og 30,6 prósent sögðust hlutlaus.

Mest ánægja er með Sigmund Davíð meðal kjósenda Framsóknarflokksins, 83,6 prósent segjast ánægð með formann flokksins. Sama segja 64 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins.

Alls eru 12,5 prósent stuðningsmanna Bjartrar framtíðar og 16,9 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar ánægð með störf Sigmundar. Um 25 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna telja Sigmund Davíð hafa staðið sig vel og 17,6 prósent kjósenda Pírata.

Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 29. og 30. janúar. Svarhlutfallið var 61 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hversu vel eða illa finnst þér Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafa staðið sig í embætti forsætisráðherra? Alls tóku 90,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. -bj

### → Skipting svara




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 29. og 30. janúar 2014

## Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 3. febrúar, kl. 18  
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Birgir Andrésen

Hægt er að skoða  
uppboðsskrána á myndlist.is

Verkin verða sýnd mánudag kl. 10–17

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



**ZANE BRIKOVSKA** Að mati verkefnastjóra fjölmeningarmála á Akureyri eiga flestir innflytjendur að læra íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Bætt íslenskukennsla eflir aðlögun fólks

Verkefnastjóri fjölmeningarmála á Akureyri segir að aukið fjármagn í túlkun hjálpi ekki innflytjendum við aðlögun. Ekki eigi að líta á innflytjendur sem fórnarlömb heldur hjálpa þeim að verða sjálfbjarga.

**VELFERÐARMÁL** „Þótt innflytjendur hafi lögvarinn rétt til túlkunar fyrirbyggir það ekki vandamál,“ segir Zane Brikovska, verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Akureyrarbæ.

„Ef maður býr í sjö ár á Íslandi og krefst enn að fá túlk þegar farið er til heimilislæknis þá er skiljanlegt að ástandið valdi gremju og tregðu hjá ríki og sveitarfélögum að standa undir kostnaði.“

Zane bendir á að samkvæmt tölum frá Heilsugæslunni á Akureyri hafi kostnaður vegna túlkabjónustu aukist jafnt og þétt síðustu árin. Árið 2010 var upphæðin 168 þúsund krónur en árið 2012 var hún komin upp í 463 þúsund.

Hún segir að það eitt að fá meira fjármagn fyrir túlkabjónustu fyrir innflytjendur muni ekki hjálpa þeim við aðlögun í samfélaginu þegar til lengri tíma er litið. Þvert á móti dragi of mikil túlkabjónusta úr hvatningu til að læra íslensku.

„Það þarf aftur á móti að bæta íslenskukennsluna. Fjöldi rannsóknna og persónuleg reynsla fólks hefur sýnt fram á að enn skortir á sameiginlega uppbyggingu á kennsluferlinu og hæfa kennara til að tryggja gæðin.“

„Ef maður sem hefur farið á fjögur íslenskunámskeið, sem hvert kostar á fjórða tug þúsund, og er enn ekki fær um einfalt hversdagsmál á íslensku þá má

„Ef maður býr í sjö ár á Íslandi og krefst enn að fá túlk þegar farið er til heimilislæknis þá er skiljanlegt að ástandið valdi gremju og tregðu.“

Zane Brikovska, verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Akureyrarbæ.

spyrja um gæði námskeiðanna.“

Zane segir að stundum vekir reidi þegar horft er á innflytjendur sem fórnarlömb, frekar eigi að hjálpa þeim að vera sjálfbjarga.

„Ef gæði íslenskunámskeiðs yrðu tryggð þá er engin ástæða lengur til þess að rukka ríki eða sveitarfélag fyrir túlkabjónustuna heldur frekar innflytjandann sjálfan ef afstaða hans er einfaldlega sú að læra ekki íslensku.“

Spurð hvort sjálfsgætt sé að allir geti lært íslensku segir Zane að auðvitað yrðu að vera undanþágur fyrir til að mynda fólk sem flytur til Íslands seint á ævinni og á erfitt með að læra nýtt mál.

Zane segir Alþjóðastofu á Akureyri gefa út leiðbeiningabækling um túlkabjónustu hjá félagsbjónustu, skóladeild og heilsugæslu Akureyrarbæjar. Það sé gert til að aðstoða sveitarfélagið við að meta þörf á túlkabjónustu fyrir hvert og eitt tilfelli. Tekið sé tillit til alvarleika málsins og lengd búsetu á Íslandi. erlabjorg@frettabladid.is

## ÞÚSUND ÞAKKIR

Innilegar þakkir fyrir þátttökuna í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar og stuðning við innanlandsaðstoð.

Við komum gjöfinni þinni í þakklátar hendur, þangað sem hennar er virkilega þörf.

 **Hjálparstarf kirkjunnar**  
www.help.is



PHARITWA • S/A



# SPORTHÚSIÐ



Sporthúsið Gull er lítil og heimilisleg líkamsræktarstöð búin nýjustu og bestu fánlegu líkamsræktartækjum frá Technogym á Ítalíu. Öll áhersla er lögð á persónulega og faglega þjónustu.

Íþróttافرæðingur eða sjúkraþjálfari stendur vaktina á meðan stöðin er opin, mánudaga til laugardaga, tilbúinn að leiðbeina viðskiptavinunum, setja upp persónulega æfingaáætlun með hverjum og einum og aðstoða þá við að setja sér markmið og ná þeim.

Glæsilegan búningsklefa má svo finna fyrir konurnar sem og huggulega setuaðstöðu þar sem hægt er að tylla sér og spjalla eftir æfingu.

## Innifalið

- Íþróttافرæðingur sem er alltaf í salnum, tilbúinn að aðstoða og ráðleggja þér.
- Einstaklingsmiðuð æfingaáætlun sem er endurnýjuð á fjögurra til sex vikna fresti.
- Þolpróf, blóðþrýstingsmæling og líkamsástandsmæling.
- Ráðgjöf varðandi mataræði.

## Komdu og prófaðu - það kostar ekkert

Sendu íþróttافرæðingunum okkar tölvupóst og pantaðu tíma í fría heilsufarsmælingu og ráðgjöf og við gefum þér viku aðgang að Sporthúsinu Gull



Stefán Magnússon  
íþróttافرæðingur  
stebbi@sporthusid.is



Klara Lind Þorsteinsdóttir  
íþróttافرæðingur  
klara@sporthusid.is

„Gullið er frábær æfingastöð búin öllum þeim tækjum sem góð æfingastöð þarf að prýða. Hér er allt til alls.“

**Kjartan Guðjónsson**

„Hér er heimilislegt og notalegt, góð leiðsögn og þjónusta og lítill hávaði.“

**Brynja Asapar**

„Gullið er heimilisleg og vel útbúin æfingastöð.

Ég hafði ekki gaman af því að stunda líkamsrækt í tækjum en það hefur breyst eftir að ég prófaði Gullið.“

**Ásmundur K. Ólafsson**

Þín þróun...

SPORTHÚSIÐ



DALSMÁRA 9-11 • 201 KÓPAVOGI • S: 564 4050





Sími 519 7550

## TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR ELDRI BORGARA

### ► BYRJENDUR 60+

Námskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri sem litla sem enga tölvukunnáttu hafa. Hæg yfirferð með reglulegum upprifjunum og endurtekningum í umsjá þolinmóðra og reyndra kennara. Tölvugrunnur, internetið og tölvupóstur.

Hefst: **6. feb.** • Lýkur: **27. feb.** • Kennst: **Mán. og fim.** (sjö skipti) frá kl. 13-16  
Verð: **34.900 kr.** (Kennslubók á íslensku innifalin)

### ► FRAMHALD 60+

Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun tölvugrunns áður en haldið er lengra í ritvinnslu. Frekari æfingar í notkun internets (t.d. Facebook o.fl.) og í allri meðferð tölvupósti.

Hefst: **7. feb.** • Lýkur: **28. feb.** • Kennst: **Þri. og fös.** (sjö skipti) frá kl. 13-16  
Verð: **34.900 kr.** (Kennslubók á íslensku innifalin)

### ► STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG TÖLVAN 60+

Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar. Yfirfærsla mynda í heimilistölvuna, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar, myndir prentaðar og sendar í tölvupósti.

Hefst: **18. feb.** • Lýkur: **27. feb.** • Kennst: **Þri. og fim.** (fjögur skipti) frá kl. 13-16  
Verð: **22.900 kr.** (Kennsluhefti á íslensku innifalið)

Skeifunni 11B • Reykjavík • Sími 519 7550 • [promennt@promennt.is](mailto:promennt@promennt.is) • [promennt.is](http://promennt.is)

**PROMENNT**

Byggðaráð Skagafjarðar vill svör og samráð frá heilbrigðisráðuneytinu:

## Ólíðandi að svara ekki erindum

**SVEITARSTJÓRNIR** „Með öllu er ólíðandi að erindum sé ekki svarað og skorar byggðaráð á heilbrigðisráðuneytið að svara erindi sveitarfélagsins og koma á samráðsvettvangi til lausnar á málinu hið fyrsta,“ segir byggðaráð Skagafjarðar og ítrekar fyrri óskir til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra um að svara erindum frá 11. október 2013 og 9. janúar 2014.

„Þar mótmælti sveitarfélagið framkomnum hugmyndum um sameiningar heilbrigðisstofnana innan

heilbrigðisumdæma.“ Byggðaráðið segir Heilbrigðisstofnunina Skagafirðingum hjartfólga og eina af grunnstöðum samfélagsins.

„Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki er sú heilbrigðisstofnun sem hvað mest hefur þurft að skera niður þjónustu frá árinu 2008 og nú er svo komið að ekki verður lengra gengið. Afar brýnt er að ríkið og sveitarfélagið taki höndum saman með það að markmiði að verja og efla þá þjónustu sem stofnunin veitir í dag,“ segir byggðaráðið. - gar



**MÓTMÆLI** Spjót standa á heilbrigðisráðherra sem hér tekur við undirskriftum íbúa í Vesturbyggð sem mótmæltu sameiningu heilbrigðisstofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sláturhús á Gotlandi:

## Hneykslismál koma í veg fyrir hrossaslátrun

**SVÍPJÓÐ** Hætt verður að slátra hestum á sænsku eyjunni Gotlandi í Eyrstrasalti eftir rúman mánuð. Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins er það vegna hneykslismálanna í kringum kjötsölu þegar í ljós kom að hrossakjöt hafði verið selt sem nautakjöt. Haft er eftir framkvæmdastjóra sláturhússins Gotlands Slagteri að menn vilji ekki eiga á hættu að hrossakjöt blandist saman við annað kjöt.

Framvegis verða íbúar Gotlands að láta slátra hrossum sínum á meginlandinu eða fá dýralækni til verksins.

- ibs



**Á LEIÐ TIL VESTURS** Í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu, streymir fólk upp í langferða-bifreiðar og er ferðinni hér heitið til London. NORDICPHOTOS/AFP

## Starfskraftar streyma frá Austur-Evrópu

Innflytjendurnir, sem sum Vestur-Evrópuríki óttast að streymi frá fátækari ríkjum í austurhluta álfunnar, hafa margir hverjir verið dýrmætir starfskraftar í heimalandinu. Læknaskortur er nú þegar í Rúmeníu.

**EVROPUMÁL** Frá því að Rúmenía fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2007 hafa fimm þúsund læknar flutt þaðan. Flestir þeirra eru innan við fertugt. Alvarlegur læknaskortur er því farinn að gera vart við sig í landinu.

Þetta er hin hliðin á innflytjendastraumnum frá austanverðri Evrópu, sem ráðamenn í Bretlandi og fleiri Vestur-Evrópuríkjum eru farnir að lýsa áhyggjum yfir.

Innflytjendurnir, sem streyma frá hinum fátækari ríkjum Evrópusambandsins til hinna ríkari, hafa margir hverjir verið mikilvægir starfskraftar í heimalandinu. Svonefndur „spekileki“ er farinn að verða þar vaxandi vandamál og munar þar mestu um lækna, upplýsingatækniþólk og verkfræðinga.

Frá þessu skýrir þýska dagblaðið Die Welt á vefsíðum sínum.

„Þetta er ferli sem byrjaði strax fyrir sex eða átta árum,“ hefur Die Welt eftir László Harsányi, ungerskum skurðlækni sem er prófessor við Semmelweis-háskólann í Búdapest og yfirmaður skurðlækningadeildar háskólasjúkrahússins.

Hann segir að allir læknar sem eru á miðjum aldri og sjá sér fært að flytja úr landi séu nú þegar farnir frá Ungverjalandi. Hann segir ungersk sjúkrahús farin að finna illilega fyrir þessum læknaskorti.

Þá sé farið að skorta verulega

5.000

Á árunum frá því að Rúmenía fékk aðild að Evrópusambandinu fyrir um sjö árum hafa fimm þúsund læknar flutt þaðan, flestir innan við fertugt.

menntað starfsfólk til annarra starfa á sjúkrahúsum í Ungverjalandi, svo sem hjúkrunarfræðinga og aðstoðarfólk á skurðstofum. Erfiðast sé ástandið á sjúkrahúsum úti á landi eða í úthverfum Búdapest, en skást á Semmelweis-háskólasjúkrahúsinu í Búdapest, sem telst hið besta í landinu.

Sams konar ástand er að finna í flestum faggreinum hinna fátækari aðildarríkja ESB í austanverðri álfunni.

Fólksflóttinn frá Rúmeníu hefur á síðustu árum verið það stórtækur að íbúafjöldinn er þarinn niður fyrir 20 milljónir, en þar bjuggu áður 23 milljónir manna.

„Maður væri brjálaður að gera það ekki,“ er haft eftir Ungverjanum Albert Kottner, sem hefur sérhæft sig í uppsetningu á lyftum. Fagmenn í þeirri grein eru nánast hornfirir í Ungverjalandi. „Hér í Ungverjalandi þénar maður með erfiðisvinnu 500 evrur á mánuði, en í Austurríki fær maður þúsund evrur á viku.“ [gudsteinn@frettabladid.is](http://gudsteinn@frettabladid.is)

[www.meiraprof.is](http://www.meiraprof.is)

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

## Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni [meiraprof.is](http://meiraprof.is) eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

### Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólk sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

**NÝI ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00







# Brosu okkar blíðasta

Við hugsum vel um tennurnar með skínandi góðum tilboðum á tannverndardögum Lyfju í febrúar.



**Trisa**

Rafmagnstannbursti með sveigjanlegan haus og hraðastilli. Hreinsar betur og gefur hvítari tennur enda mæla tannlæknar með honum. Hleðslutæki fylgir.

**20% afsláttur**  
Gildir út febrúar eða á meðan birgðir endast.



**Listerine**

Listerine er eitt mest rannsakaða munnskolið enda kemur í ljós að það styrkir glerunginn, fyrirbyggir tannskemmdir og andremmu. Inniheldur ekki klórhexidín.

**20% afsláttur**  
Gildir til 9. febrúar.



**Gum**

Gum Original White tannkrem, munnskól og hvíttunarefni, losar tennur við bletti án þess að skaða þær. Gum Paroex 0,12% munnskól, öflugt og sótthreinsandi gegn bakteríum, sýkingum og bólgum.

**20% afsláttur**  
Gildir til 9. febrúar



**Sensodyne**

Tannkrem og burstar í úrvali.

**20% afsláttur**  
Gildir til 9. febrúar



**Flux**

Hefur þú skolað í dag? Munnskól fyrir alla í fjölskyldunni. Fyrirbyggjandi gegn tannskemmdum. Án alkóhóls og parabena.

**20% afsláttur**  
Gildir til 9. febrúar



**Curaprox**

Mjúkur, mýkri, mýkstur. Fleiri hár bursta betur!

**20% afsláttur**  
Gildir til 9. febrúar

ISLNSKASALUS DPT0208 0014



Getur vondur maður skapað góða list?

## Lífið og listin

**F**rétt helgarinnar var tvímælalaust opið bréf Dylan Farrow í The New York Times þar sem hún lýsir kynferðislegu ofbeldi sem hún segist hafa orðið fyrir sjö ára gömul af hendi fósturföður síns, Woody Allen. Málið var reyndar rannsakað á sínum tíma og engin kæra lögð fram á hendur Allen, en það sannar að sjálfsögðu ekki að sagan sé uppspuni. Bréfið sannar svo sem ekki heldur að ásakanirnar séu sannar en það er erfitt að lesa það án þess að hallast á sveif með Farrow. Hví skyldi hún koma fram með sögu sína 21 ári síðar ef ásakanir um kynferðisofbeldi hefðu eingöngu

verið tæki móður hennar, Miu Farrow, til að ná sér niðri á svikulum sambýlismanni og svipta hann umgengnisrétti við börnin, eins og haldið hefur verið fram?

Eins og við mátti búast loga netmiðlar og samfélagsmiðlar í umræðu um málið og sitt

sýnist hverjum eins og ævinlega í umdeildum málum. Ýmist vill fólk verja Allen vegna stöðu hans sem listamanns og bendir á að engin kæra hafi verið lögð fram eftir rannsókn málsins, eða það úthrópar hann og hvetur alla til að sniðganga verk hans á þeim forsendum að hann sé glæpamaður. Þessa umræðu þekkjum við Íslendingar vel eftir tvö áberandi mál þar sem þjóðþekktir menn voru ásakaðir um kynferðisofbeldi og ýmist úthrópaðir sem glæpamenn eða hafnir til skýjanna og ásakendurnir fordæmdir. Saklaus uns sekt sannast virðist ekki eiga við í slíkum málum, enda barnanið og nauðganir alvarlegustu glæpir sem hægt er að fremja að morðum einum undanskildum og eðlilegt að fólki hitni í hamsi þegar ásakanir um slíkt koma upp.

Það sem gerir umræðuna um slíkar ásakanir á hendur listamönnum sérstaka og kannski hættulegri en slíka umræðu almennt er krafan um að fólk hunsi verk þeirra. Sé saga listamanna í gegnum aldirnar skoðuð kemur nefnilega í ljós að þar er æði misjafn sauður í mörgu fé og margir af dádustu listamönnum sögunnar hafa haft ýmislegt miður fallett á samviskunni í einkalífínu. Engu að síður hafa verk þeirra lifað og öðlast háan sess í augum bæði leikra og lærðra. Verðum við ekki að leggjast í endurskoðun listasögunnar ef krafan er sú að listamenn hafi verið flekklausir í einkalífínu? Fjarlægja bækur þeirra, myndlist, tónlist, kvikmyndir, leiklist og allt sem þeir hafa sent frá sér úr listasöfnum, tónlistarhöllum, leikhúsum, bíósölum, sjónvarpi og bókasöfnum og hætta að dást að snilli þeirra? Ef krafan er sú að vondur maður sem skapar góð listaverk eigi ekki að njóta sannmælis sem listamaður hvar ætlum við þá að draga mörkin? Á að flokka glæpina eftir alvarleika og sleppa minni háttar glæpamönnum inn í listasöguna en banna verk stórglæpamanna eða hvernig á framkvæmd slíkra hreinsana að fara fram? Og hver ætlar að kasta fyrsta steininum? Getum við ekki orðið sammála um það að listin sé hafin yfir persónu listamannsins og lifi á eigin forsendum burtséð frá breyskleika hans? Bókabrennur vegna skoðana hafa aldrei þótt góð latína og sú stefna að dæma listaverk eftir breytni eða skoðunum þess sem skapaði þau kann ekki góðri lukku að stýra. Fordæmum manninn ef ástæða er til en leyfum listinni að lifa.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen [olafur@frettabladid.is](mailto:olafur@frettabladid.is), Mikael Torfason [mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is) Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



**Löður**

Löður er með **rain-x** á allan bílinn

- Rain-X býður upp á fullkomna yfirborðsvörn
- Rain-X verndar bílinn, eykur útsýni og öryggi
- Hreinn bíll eyðir allt að 7% minna eldsneyti

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu  
[www.lodur.is](http://www.lodur.is) - Sími 544 4540

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### „Ólæs og stamandi“

Vigdís Hauksdóttir fór mikinn á Fés-bókinni um helgina, þegar hún taldi Sigurjón Egilsson, þáttastjórnanda Sprengisands, hjóla í persónur og þingmenn Framsóknarflokksins. Sagðist hún nokkrum sinnum hafa verið tekin fyrir af þeim „ólæsa og stamandi manni sem [skrifi] greinilega ekki pistlana sína sjálfur“. Vigdís nægir hjólið greinilega ekki og beitir heldur stórvirkum landbúnaðarvélum þegar hún þægir niður persónu fjölmiðlamanns.

#### Á móti „bannfrumvörpum“

Vigdís var enn í stuði þegar hún mætti í fyrsta þátt Minnar skoðunar í stjórn Mikaeles Torfasonar, og sparaði hún ekki stóru orðin. Þeirri spurningu

var velt upp hvort ganga eigi lengra í löggjöf sem bannar reykingar, í ljósi þess góða árangurs sem hlotist hefur undanfarin ár. Vigdís kvaðst almennt á móti „þvingaðri lagasetningu“, eða „bannfrumvörpum“ líkt og VG væri mikið fyrir. Var hún þá minnt á að það voru einmitt framsóknarmenn sem komu á reykingabanni á

veitingastöðum. Þá má einnig rifja upp þingsályktunartillögu framsóknarkonunnar Sivjar




Friðleifsdóttur, sem lagði til að tóbak yrði framvegis lyfseðilskylt.

#### Töpuð umræða

Eyþór Arnalds hélt því fram í þættinum Sunnudagsmorgni að Sjálfstæðisflokkurinn væri umhverfisflokkur. Vandinn væri að flokkurinn hefði „tapað umræðunni“ um þennan málaflokk. Benti hann máli sínu til stuðnings á stjórnanda þáttarins og fyrrverandi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Gísli Martein Baldursson, og baráttu hans fyrir bættari hjólamenningu í Reykjavík. Gísli Martein varð við það nokkuð vandræðalegur, enda óhætt að segja að hann hafi tapað þeirri umræðu innan síns flokks.

[eva@frettabladid.is](mailto:eva@frettabladid.is)

### HALLDÓR



## Græn höfuðborg

### GRÆNT HAGKERFI



**Skúli Helgason** býður sig fram í 3. sæti í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík

Meirihluti Samfylkingarinnar og Besta flokksins í Reykjavík hefur staðið dyggan vörð um grænar áherslur á kjörtímabilinu og nú þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks grefur markvisst undan vægi umhverfismála við landsstjórnina er mikilvægt að Reykjavíkurborg spyrni fast við fótum og taki forystu í þessum málaflokki.

Ég leiddi á sínum tíma stefnumörkun Alþingis um eflingu græna hagkerfisins í góðu samstarfi við fulltrúa allra þingflokka. Stefnan fól í sér tillögur um fjárfestingar í grænni atvinnustarfsemi, fræðslu á öllum skólástigum, hagræna hvata til að efla umhverfisstjórnun og orkuskipti, áherslu á vistvæn innkaup o.fl.

Ríki heims hafa litið til græna hagkerfisins til að veita á móti skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga af manna völdum og undirstrika mikilvægi sjálfbærrar þróunar þar sem breytni okkar í dag er sett í síðferðilegt samhengi við hag komandi kynslóða.

Reykjavíkurborg hefur þegar sýnt vilja sinn í verki með grænum áherslum í atvinnustefnu og nýju aðalskipulagi. Þá má nefna Græn skref, umhverfisstjórnunarkerfi sem þróað var í samstarfi við Harvard háskóla og gengur út á að efla vistvænan rekstur og minnka umhverfisáhrif sveitar-

→ Ríki heims hafa litið til græna hagkerfisins til að veita á móti skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga af manna völdum.

félagsins með kerfisbundnum hætti. Verkefnið hefur staðið í rúm 3 ár og taka nú þátt 95 vinnustaðir borgarinnar.

Ný ríkisstjórn ákvað að fella úr gildi ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar til græna hagkerfisins þvert á eigin yfirlýsingar um mikilvægi fjárfestinga. Nú er því þörf á nýrri forystu fyrir græna hagkerfið og þar er Reykjavíkurborg kjörin. Borgin á t.d. að taka forystu fyrir vernd gegn mengun hafsvæða og hafnarsvæða í samvinnu við háskóla, sérfræðinga og frumkvöðla í atvinnulífínu í grænni tækni. Gríðarlegir hagsmunir liggja í því fyrir Ísland að auka skipaumferð á norðurslóðum leiði ekki af sér stóruaekna mengun og hættu á umhverfisslysum á fiskimíðum, einni helstu auðlind þjóðarinnar.

Ég vil beita mér fyrir því að Reykjavík beiti sér sem höfuðborg græna hagkerfisins í góðu samstarfi við önnur sveitarfélög, félagasamtök og almenning og haldi grænum áherslum hátt á lofti við kynningu á borginni á erlendum vettvangi.



# Að hindra framgang jarðýttunnar

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Við eigum að aka út í kant þegar heyrst babú-babú. Við eigum að aka eftir bendingum umferðar-lögreglunnar, stöðva á rauðu ljósi og umfram allt: gefa stefnuljós áður en við beygjum. Við eigum ekki að stela hvert frá öðru eða svíkja fé hvert af öðru og ekki að drepa fleiri en við treystum okkur til að borða sjálf, eins og Halldór Laxness orðaði það einhvern tímann. Við eigum að vera löghlýðin. Við gerum það hins vegar ekki fyrir lögreglumennina eða yfirvöldin í landinu heldur fyrir hvert annað og fyrir samfélagið við hvert annað; við þurfum að geta treyst hvert öðru, svona upp að vissu marki. Við búum ekki í lögregluríki þar sem geðþótti ræður aðgerðum og höfum alla jafnan ekki ástæðu til annars en að hlýða fyrirmælum laganna varða; það er í þágu samfélagsins að það sé gert og einstaklinganna sem njóta verndar laganna á ótal sviðum, hvort sem það er fatlaða fólk sem nýtur sérstakra stæða þar sem öðrum er bannað eða almennir vegfar- endur sem eru í lífshættu þegar stútur er undir stýri.

Samfélagið hefur trúað lögreglumönnum fyrir gríðarlegu valdi. Þeim er falið ákaflega mikilsvert starf þar sem reynir á eiginleika á borð við sanngirni, visku, réttsýni, sálarstyrk, innri ró, þolinmæði og umfram allt virðingu fyrir öðru fólki og hvers kyns þankagangi, sem kann að virðast framandi eða ankanna- legur.

Ætli við hugsum ekki flest eitthvað á þessa leið, nema þá kannski helst þau okkar sem hyggja á lögbrot eða eru andvíg

samfélaginu. Eitthvað sérstakt þarf til að hinn almenni borgari óhlýðnist skipunum lögreglunnar – eitthvað alveg sérstakt.

## Nímenningsarnir nýju

Af hverju óhlýðnast fólk lögreglunni? Frægt var það í Búsáhalda- byltingunni þegar mótmælendur tóku sér stöðu milli lögreglunnar og manna sem notfærðu sér upp- lausnarástandið til að hafa í frammi skefjalaust ofbeldi gagn- vart lögreglumönnum, meðal annars með því að kasta manna- saur í lögreglumenn. Mótmæl- endurnir sem þarna mynduðu vegg til að verja lögregluna höfðu sjálfir óhlýðnast ýmsum fyrir- mælum – en ætli við sjáum ekki flest muninn á þessum tveimur ólíku hópum mótmælenda. Ann- ars vegar fólk sem hafði ekki aðrar leiðir til að tjá reiði sína í garð stjórnvalda sem leitt höfðu hrun yfir land og þjóð – hins vegar bullur og ofbeldismenn. Á endanum sættu níu manns ákærðum eftir atburði kringum þinghúsið, en það reyndust ekki vera ofbeldismennirnir heldur mótmælendur sem vildu fá að komast á áhorfendapalla Alþingis og töldu sig hafa rétt til veru þar. Lengi vel var þetta fólk einu sak- borningarnir í kjölfar Hrunsins sem auðræðið leiddi yfir land og þjóð.

Og nú hafa fundist nýir níu- menningsarnir sem taldir eru ógna landsfriði, lögum og reglu og valdstjórninni. Búið er að ákæra níu manns fyrir að hindra fram- gang jarðýttunnar í Gálgahrauni. Þau eru ákærð fyrir kyrrstöðu, aðgerðarleysi, að standa ekki upp þegar þeim var sagt að standa upp. Þetta fólk vildi bíða eftir úrskurði réttmætra yfirvalda um það hvort vegalagning gegnum hraunið væri lögleg eður ei. Það taldi sig nauðbeygt til að óhlýðn- ast lögreglunni svo að tryggt yrði að ekki yrði óafturkræft rask í Gálgahrauni, sem svo reyndist ef til vill ólöglegt.

Tekið var til þess hversu harka-

lega lögreglumenn gengu fram við aðgerðir sínar. Heyrzt hefur um fruntaskap, leiðinlegt orð- bragð og sýnilega andúð lögreglu- manna á þessu fólki sem þarna lagði töluvert á sig til verndar svæði sem það hafði myndað sterk tilfinningatengsl við, enda var þarna um íbúa Álftaness og nágrennis að ræða.

## Neyðarréttur

Af hverju óhlýðnast fólk lög- reglunni? Þetta fólk sem hér er ákært – þetta er venjulegt fólk svona eins og það hugtak getur haft einhverja merkingu; engir breskir flugumenn þarna á snæ- rum leyniþjónustu eða mótmæla- málaliðar, bara kórstjórnendur og píanókennarar á eftirlaunum, listafólk, lögmenn, gamlir stjórn- málamenn, náttúrufræðingar; raunverulegt fólk með raunveru-

legar áhyggjur af raunverulegu umhverfi. Af hverju taka grand- varir Álftnesingar, sem aldrei hafa komist í kast við lögín, sig upp á köldum og vindasömum degi til þess að setjast niður úti í hrauni til þess að horfast í augu við æðandi jarðýttur og skaprauna öflugum löggum? Það er meira en að segja það fyrir flestalla að standa í líku. Ástæðan er þessi: Þetta fólk taldi sig þurfa að grípa til neyðarréttar sem borgararnir hafa þegar þeir hafa rökstudda ástæðu til að ætla að yfirvöld fari fram með offorsi. Mótmæli eru iðulega eina úrræði hins valda- lausa borgara til þess að koma á framfæri vilja sínum og varnaðar- orðum þegar honum sýnist stefna í óefni. Lögreglumenn verða að virða þennan rétt og haga störfum sínum í samræmi við það. Réttur- inn til mótmæla er heilagur.

Búið er að ákæra níu manns fyrir að hindra framgang jarðýttunnar í Gálgahrauni. Þau eru ákærð fyrir kyrrstöðu, aðgerðarleysi, að standa ekki upp þegar þeim var sagt að standa upp. Þetta fólk vildi bíða eftir úrskurði réttmætra yfirvalda um það hvort vegalagning gegnum hraunið væri lögleg eður ei. Það taldi sig nauðbeygt til að óhlýðn- ast lögreglunni svo að tryggt yrði að ekki yrði óafturkræft rask í Gálgahrauni.



Capacent

## RÁÐSTEFNA 5. FEBRÚAR HELGUN - HJARTAÐ Í MANNAUÐSMÁLUM

Helgun starfsmanna eða „Engagement“ er ein helsta grunnstoð mannauðsmála. **Wilmar Schaufeli**, prófessor við Utrecht-háskóla og einn helsti sérfræðingur Evrópu á sviði helgunar er aðalfyrirlesari á ráðstefnu Capacent á Grand Hótel þann 5. febrúar næstkomandi. Á ráðstefnunni verður rætt um helgun, kulnun og vinnufíkn og kynntar niðurstöður nýrrar rannsóknar Capacent á þessum þáttum á íslenskum vinnumarkaði.

### Dagskrá:

Kl. 08:30 - 09:00

**Morgunverður**

Kl. 09:00 - 09:10

**Fundarstjóri setur ráðstefnuna**

Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent

Kl. 09:10 - 09:40

**Niðurstöður úr nýrri rannsókn Capacent, tengsl Q12 og UWES (Utrecht Work Engagement Scale)**

Tómas Bjarnason, rannsóknarstjóri Capacent

Kl. 09:40 - 10:00

**Hvað er vinnufíkn og hvernig tengist hún kulnun?**

Hildur Jóna Bergþórsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent

Kl. 10:00 - 11:00

**Mikilvægi helgunar starfsmanna frá sjónarhorni vinnuveitanda og starfsmanna**

Wilmar Schaufeli, prófessor í vinnusálfræði við háskólann í Utrecht í Hollandi

Kl. 11:00 - 11:30

**Panelumræður**

Kl. 11:30

**Ráðstefnulok**

**Hvenær:** Miðvikudaginn 5. febrúar. **Hvar:** Grand Hótel, Gullteigur

**Tími:** 08:30-11:30. **Verð:** 7.900 kr.

Skráning fer fram á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is) eða með því að senda póst á [capacent@capacent.is](mailto:capacent@capacent.is)

capacent

# Vinstri græn berjast fyrir friðlýsingu húsa

Í grein Björns B. Björns- sonar í Fréttablaðinu 31. janúar kemur fram rétt- mæt gagnrýni á meiri- hluta borgarstjórnar sem hefur lagst gegn frið- lýsingu sjö húsa í hjarta Reykjavíkur. Björn og félagar hans í BIN-hóp- num hafa beitt sér gegn stórkarlalegri uppbyg- gingu á svæðinu.

Það hafa fleiri gert. Fulltrúar Vinstri grænna í dómnefnd sam- keppninnar, í skipulagsráði og í borgarráði og borgarstjórn hafa beitt öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að skipulagið yrði samþykkt.

Nú þegar húsafríðunarnefnd hefur lagt það til við forsætis- ráðuneytið að umrædd hús verði friðuð kallar ferlið á umsagnir úr ólíkum áttum. Eins og kemur fram í grein Björns, þá mótmæl- ir meirihluti skipulagsráðs frið- lýsingunni svo hægt sé að halda áformum deiliskipulagsins til streitu. Það sem hann tekur ekki fram er að umsögninni fylgdi svohljóðandi bókun Vinstri grænna í umhverfis- og skipu- lagsráði:

„Fulltrúi Vinstri grænna fagn- ar áformum Minjastofnunar og furðar sig á mótbárum og and- stöðu meirihluta skipulagsráðs vegna friðlýsingar á húsum við Austurvöll, Vallarstræti og Ing-

## SKIPULAG



Sóley Tómasdóttir  
borgarfulltrúi

→ Athugasemdir meiri- hlutans varða ekki efnisatriði málsins, sem lúta að því að friðlýsa nokkur af elstu húsum borgarinnar sem standa í hjarta hennar og hafa ótvírætt varðveislugildi.

ólftorg. Fá ef nokkur dæmi eru um að Reykjavíkurborg mótmæli friðun húsa, enda hefur metnaður fyrir húsvernd farið vaxandi undanfarin ár og ára- tugi. Athugasemdir meirihlut- ans varða ekki efnisatriði máls- ins, sem lúta að því að friðlýsa nokkur af elstu húsum borgar- innar sem standa í hjarta hennar og hafa ótvírætt varðveislugildi. Fulltrúinn mótmælir því jafn- fram að ekki sé þörf á að friðlýsa húsin þar sem borgin hafi mótað sér stefnu sem geri eldri byggð hærra undir höfði en áður. Ljóst er að sú stefna, eins góð og mikil- væg og hún er, hefur ekki sama gildi og friðlýsing. Það er því full ástæða til að fagna áformum Minjastofnunar, enda krefjast þau varkárni í umgengni, skipulagi og uppbyggingu á svæðinu öllu.”

Vinstri græn hafa, og munu áfram, standa með varðveislu þeirra menningarverðmæta sem felast í hús- og minjavernd.



# Menntun, réttlæti og starf kennarans

Fréttablaðið birti klausu 15. janúar sem bar yfirskriftina „Verkefni kennara orðin of mörg“ með glefsum úr viðtali við Ólaf Loftsson, formann Félags grunnskólakennara. Haft er eftir Ólafi að það komi honum ekki á óvart að niðurstöður rannsóknar (Erlu Daggar Kristjánsdóttur) „sýni að börn á gráu svæði fái ekki nægan stuðning í grunnskólum“ og „að fjármagn vanti til að framkvæma hugmyndafræðina um skóla án aðgreiningar“. Enn fremur að „kennarar sinni mörgum öðrum verkefnum en kennslu, verkefnum sem ættu að heyra undir félagsmálayfirvöld og jafnvel heilbrigðisferð“. Til að bregðast við þessu þurfi að auka fjármagn til grunnskóla, ellegar „horfast í augu við að við séum komin of langt með þessa hugmyndafræði [skóla án aðgreiningar], spóla til baka og fækka þessum ætluðu verkefnum kennara.“

Formaðurinn virðist vera að undirbúa kjaraviðræður ella er rökfærslan sérkennileg.

Það gengur kraftaverki næst að upplýsingar úr síðustu PISA-könnun benda til þess „að nemendum virðist almennt líða vel í grunnskólum landsins“. Kennarar og annað starfsfólk skóla eiga heiður skilinn fyrir störf sín á erfiðum tímum. List kennara er að vinna með einstaklingana og hópinn í senn – barnið allt, eiginleikar þess, kostir, vankantar og hæfileikar eru í brennidepli ekki síður en bekkurinn og skólinn sem heild. Góðir kennarar hólfa ekki verk-

efni sín niður eftir því hvort þeir telji þau heyra undir þennan eða hinn opinbera málaflökkinn. Þvert á móti beina þeir athygli að nemendum sínum sem einstaklingum og fullgildum þátttakendum í lærdómssamfélagi skólanna.

## Purfum að hafa stefnu

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 mynda sex grunnþættir kjarna íslenskrar menntastefnu: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Skólastefnan „skóli án aðgreiningar“ eða „skóli margbreytileikans“ snýst um þessa þætti. Skóli án aðgreiningar er skóli sem leitast við að vinna í anda hugsjóna um heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, félagslegt réttlæti, gæðanám og kennslu, hvert sem viðfangsefnið er. Enda þótt menntapólitískar stefnur gangi aldrei fullkomlega upp í ófullkomnum heimi, þá þurfum við að hafa stefnu til að vita hvert ferðinni er heitið. Án stefnu er ókleift að fjarlægja hindranir á námi og þátttöku nemenda og starfsfólks í skólasamfélaginu. Skóli án aðgreiningar snýst ekki um tiltekna hópa nemenda heldur um alla nemendur, kennara og starfsfólk skólanna. Stefnan varðar líka foreldra og samfélagið. Hún snýst um það hvers konar samfélag við viljum. Er það ekki samfélag þar sem hæfileikar allra fá að njóta sín, þar sem menn búa við lýðræði og mannréttindi í hversdagslífinu, samfélag sem einkennist af gagnkvæmri virð-

→ Það gengur kraftaverki næst að upplýsingar úr síðustu PISA-könnun benda til þess „að nemendum virðist almennt líða vel í grunnskólum landsins“. Kennarar og annað starfsfólk skóla eiga heiður skilinn fyrir störf sín á erfiðum tímum. List kennara er að vinna með einstaklingana og hópinn í senn.

ingu, samhjálp og félagslegu réttlæti? Stefna er ekki hið sama og framkvæmd. Sífellt fleiri kennarar vinna saman við undirbúning, kennslu og mat á starfinu með fjölbreyttum hópum nemenda. Þeir láta greiningarflokka, uppruna, kynhneigð, húðlit eða trú ekki bygja sér sýn á einstaka nemendur heldur leggja áherslu á að allir nemendur séu velkomnir í skólann. Frekar en að gefa því undir fótinn að við séum komin of langt með stefnuna um skóla án aðgreiningar væri nær að kalla eftir því að stjórnvöld styðji kennara og efla þá með því að treysta ríkjandi skólastefnu í sessi.

Brynja Elisabeth Halldórsdóttir  
Dóra S. Bjarnason  
Hermína Gunnþórsdóttir  
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson  
Kristín Aðalsteinsdóttir  
Ólafur Páll Jónsson  
Rúnar Sigþórsson  
Trausti Þorsteinsson  
háskólakennarar

# Er Sjálfstæðisflokknum treystandi?

Eftir síðustu alþingiskosningar lýsti innmúraður og innvígður sjálfstæðismaður því yfir í blaðagrein að Sjálfstæðisflokknum mætti treysta, að flokkurinn stæði við orð sín. Með þessu freistadi hann þess að mana forystu Sjálfstæðisflokksins til að standa við skilyrðislaust loforð um þjóðaratkvæði um aðildarviðræður við ESB, á fyrri hluta kjörtímabilsins, en það loforð var forsenda margra kjósenda fyrir því að ljá Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt.

## STJÓRN MÁL



Bolli Héðinsson  
hagfræðingur

fara í hart og í engu leitast við að ná samstöðu um stór mál sem smá heldur muni allir hér eftir fá að vita hvar Davíð keypti ölið. Þetta er all sérstæð yfirlýsing þar sem flestir töldu að gömlu aðferðirnar við stjórn lands og borgar, þar sem „freki kallinn“ (sem Jón Gnarr hefur lýst svo ágætlega) réði för, hefðu gengið sér til

húðar. Almennt var talið að meðal þess sem við hefðum átt að læra af hruninu væri að einstefnustjórnarmál „freka karlsins“ hefðu átt sinn hlut í að leiða okkur fram af bjargbrúninni og nær væri að stjórnarmálmenntöl- uðu saman og freistuðu þess að ná breiðri samstöðu um sem flest mál.

Nú ætla sjálfstæðismenn að taka upp gömlu gildin. Reykjavíkurborg verður enn á ný vettvangur fyrir litla „freka kalla“ sem ætla sér að komast til æðri metorða innan „Flokksins“. Hagsmunir borgarbúa skipta litlu þegar slíkur frami er annars vegar og tilgangurinn helg- ar meðalið.

## Flokkur svefngengla?

Deilt er um hver íslensku stjórnmálaflökkanna eigi stærstan hóp „svefngengla vanans“, þ.e. þeirra sem kjósa „flokkinn sinn“ af gömlum vana í þeirri trú að þannig séu þeir í raun ópólitískir. Þetta hefur enginn orðað betur en Haukur pressari, einn þeirra karaktera sem settu svip á Reykjavík á síðustu öld og orðaði það svo: „Ég algjörlega ópólitískur en kys alltaf Sjálfstæðisflokkinn.“

## Nei, honum er ekki treystandi

Nú er það endanlega orðið ljóst að af þjóðaratkvæðinu verður ekki. Sjálfstæðisflokknum er ekki treystandi til að standa við loforðin sem forystan gaf þegar reynt var að friða ESB-sinna innan flokksins í aðdraganda kosninga. Framsóknarflokkurinn hefur nú endanlega blásið af kosningar um áframhald viðræðna við ESB án þess að sjálfstæðismenn hafi hreyft legg né lið og látið það yfir sig ganga andmæla- laust. Svo voru einhverjir sem kusu Sjálfstæðisflokkinn út á slagorðið „engar nefndir, bara efndir“ en það gildi bara fyrir útgerðarmenn, ekki almenning.

## Já, honum er treystandi

Í borgarstjórnarkosningum framundan hefur oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík freistað þess að marka flokknum sérstöðu með því að lýsa því yfir að tími sam- ræðustjórn mála sé liðinn. Nú skuli

# Mundu mig



Multidophilus Pro inniheldur fjóra milljarða af virkum gerlum til að viðhalda góðu jafnvægi í meltingarflórunni. Nutra eru gæða vítamín á betra verði.

nutra

BONUS

HAGKAUP



ÚR  
FISKBORÐI



1.358  
kr./kg

ÝSUGÚLLAS  
verð áður 1.695 kr./kg

ÚR  
FISKBORÐI



958  
kr./kg

PLOKKFISKUR  
verð áður 1.198 kr./kg

1.436  
kr./kg



ÚR  
FISKBORÐI

ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS  
verð áður 1.795 kr./kg

1.598  
kr./pk.



GRÍMS FISKIBOLLUR 2KG, FROSNAR  
verð áður 1.998 kr./kg

198  
kr.



MAGGI CRISPY FISH  
verð áður 239 kr.

FJARDARKAUP  
FISKI  
DAGAR  
3.-8. FEBRÚAR

958  
kr./pk.



GRÍMS ÝSURÚLLUR 1KG, FROSNAR  
verð áður 1.198 kr./pk.

989  
kr./kg



RAUÐSPRETTA, FROSIN  
verð 989 kr./kg

1.134  
kr./pk.



LÍNUÞORSKUR 0,8KG, FROSINN  
verð 1.134 kr./pk.

1.092  
kr./pk.



LÍNUÝSA 0,8KG, FROSIN  
verð 1.092 kr./pk.

374  
kr.



KÖTLU RASP 300G  
verð 374 kr.

178  
kr./kg



KARTÖFLUR Í LAUSU  
verð 178 kr./kg

398  
kr./kg



SPERGILKÁL  
verð 398 kr./kg

398  
kr./kg



GULRÆTUR 500G, SÉRVALDAR  
verð 398 kr.

VISA

FK

VIÐSKIPTAMANNAKORT

- Tilvalið gjafakort

FK

OPÍÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30  
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. [www.fjardarkaup.is](http://www.fjardarkaup.is)

FJARDARKAUP





## MERKISATBURÐIR

**1488** Bartholomeu Dias og áhöfn hans sigla fyrir Góðrarnarhöfða, fyrstir Evrópubúa.

**1505** Víkurkirkja í Reykjavík vígð af Stefáni Jónssyni Skálholtsbiskupi.



**1517** Tyrkjaveldi nær Kaíró á sitt vald.

**1637** Túlípanaæðið í Hollandi hrynur með þeim afleiðingum að þúsundir túlípanspekúlanta missa aleiguna.

**1815** Fyrsta ostabúið tekur til starfa í Sviss.

**1917** Bandaríkin rifta stjórn-málasambandi við Pýskaland.

**1930** Útvegsbanki Íslands tekur við af Íslandsbanka hinum eldri.

**1944** Hótel Ísland við Aðalstræti í Reykjavík brennur til kaldra kola. Einn maður ferst í brunanum.

**1959** Dagurinn þegar tónlistin dó: rokkstjörnurnar Buddy Holly, Ritchie Valens og The Big Bopper farast í flugslysi.

**1990** Þjóðarsáttin undirrituð.

**1991** Fárviðri gengur yfir Ísland og verður mikið eignatjón. Sterkasta vindhviða sem mælst hefur á Íslandi, 237 km/klst., mælist í Vestmannaeyjum.

## Kvartett Daniels Beaussier leikur á KEX



DANIEL BEAUSSIER

Á djasskvöldi KEX Hostel annað kvöld kemur fram kvartett franska saxófónleikarans Daniels Beaussier. Kvartettinn skipa auk hans þeir Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Róbert Þórhallsson á bassa og Matthías Hemstock á trommur.

Daniel Beaussier er starfandi hljóðfærleikari í París þar sem hann vinnur með ýmsum þekktum tónlistarmönnum og rekur eigin tónlistarskóla. Daniel hefur verið gestakennari við Tónlistarskóla FÍH undanfarna daga og eftir hlé á tónleikunum munu

nokkrir nemendur úr skólanum stíga á stokk með hljómsveitinni. Tónlistin hefst kl. 20.30 og stendur í u.þ.b. 2 klst. með hléi. Sem fyrr er aðgangur ókeypis

PETTA GERÐIST 3. FEBRÚAR 1825

## 800 farast í flóðum í Hollandi

Holland liggur að miklum hluta undir sjávarmáli og um aldir hafa ár og sjór flætt yfir landið og hollenska þjóðin átt í sífellðri baráttu við hafið. Hinn 3. febrúar 1825 fórust yfir 800 manns í miklum flóðum þegar Norðursjórinn braut stíflugarða og æddi yfir landið.

Flóðið hafði átt sér mjög langan aðdraganda en miklar rigningar höfðu verið í allri Evrópu og vatnsmiklar árnar flæddu loks yfir bakka sína þennan dag. Miklir stormar höfðu einnig geislað og voru þegar komin skörð í gegnblauta stíflugarðana. Tunglstaða var einnig slæm aðfaranótt flóðadagsins og þegar

storminn herti enn frekar gaf fyrsta stíflan sig suður af bænum Vollenhove. Í kjölfarið brustu stíflurnar ein af annarri. Allir sem vettlingi gátu valdið tóku þátt í björgunarstörfum og var fólk sem misst hafði heimili sín flutt til borgarinnar Steenwijk þar sem íbúum fjölgaði um 1.600 manns á nokkrum dögum. Í byrjun mars hafði vatnið sjatnað og fólk gat byrjað að endurreisa heimili sín og stíflugarðana.

Enn þann dag í dag verjast Hollendingar hafinu en síðasta mannskæða flóðið varð 1953 þegar 1.835 manns fórust í suðurhluta Hollands.



### Í SKOTAPILSI

Sölvi bjó í Skotlandi um tíma og heillaðist af landi, þjóð og tungumáli.

MYND/HERMANN KARLSSON



# Drukkinn bóndadrengrur lendir í ógöngum

Ljóðabálkurinn Tam o'Shanter eftir Robert Burns er kominn út í íslenskri þýðingu Sölva Björns Sigurðssonar. Burns hefði orðið 255 ára gamall 25. janúar en Sölvi segir ljóðabálkin skemmtilegan, fyndinn og tímalausan.

„Ég fékk þessa hugmynd þegar ég bjó úti í Skotlandi fyrir um tíu árum síðan og hef lengi ætlað að klára þessa þýðingu. Nú lét ég verða af því,“ segir Sölvi Björn Sigurðsson spurður um tildrög þess að hann þýddi ljóðabálkin Tam o'Shanter eftir Roberts Burns, sem nú er kominn út hjá Galleríu Brumm.

Robert Burns er þjóðskáld Skota og ljóð hans eru mjög skosk, skapaði það vandamál við þýðinguna? „Hann blandar oft saman ensku og skosku sem var og er þjóðtunga þeirra Skota. Oft orti hann reyndar bara á skosku þannig að það er ekki alltaf hlaupið að því að skilja skáldið, en ég var með ágæta fræðilega útgáfu á verkum hans þar sem voru glósur og skýringar og þurfti að lesa dálítið stíft til að komast í gegnum það.“

Robert Burns var fæddur 1759, tala ljóð hans til nútímans? „Já, mér finnst það. Hann er mjög skemmtilegt skáld, fyndinn og tímalaus. Sérstaklega skemmtilegur, auðvitað, fyrir þá sem hafa einhver tengsl við Skotland, því

skoskur kúltúr, landslag og matur er svo ríkt. Svo ekki sé nú minnst á ævintýrin og tungumálið.“ Bjóst þú lengi í Skotlandi? „Fyrst bjó ég þar í eitt og hálf ár og seinna í nokkra mánuði og hef alltaf verið þar með annan fótinn síðan, reyni að heimsækja Edinborg eins oft og ég get.“

Var Tam o'Shanter, sem bálkurinn fjallar um, raunveruleg persóna? „Nei, ég held að hann sé skálduð persóna, en Burns byggir ljóðið á prósafrásögn annars manns og gerir það auðvitað með sínum hætti. Sagan fjallar um ósköp venjulegan bóndadrengrur sem fer á markaðinn og tefst á kránni á leiðinni heim. Konan hans bíður, ekki þar sátt, eftir honum heima en hann leggur ekki af stað heim fyrr en hann er búinn að drekka sig fullan og lendir í miklum ógöngum og óföllum á heimleiðinni. Hann álpast inn í kirkju á nornanóttina sjálfa og hittir þar fyrir nornir, drýsla og djöfla sem eru að dansi og skemmtun. Hann verður svo heillaður að hann gerir vart við sig og þar með hefst mikill eltingaleikur. Það má alveg

lesa þetta sem existensíalíska lýsingu á ástandi mannsins og það er mikið kjöt á beinunum í þessu kvæði.“

Bókin er gefin út af Galleríu Brumm, hvað er það? „Það er lítið gallery og forlag sem hóf sinn rekstur í skottinu á Land Rover og framdi gjörninga uppi á fjöllum. Ég stóð fyrir þessu en það hafa ýmsir listamenn verið viðloðandi galleríu þótt það hafi svo sem ekki látið mikið að sér kveða.“

Dú sendir í haust frá þér mikið stórvirki, Stangveidar á Íslandi og Íslenska vatnabók, var ljóðagerðin og þýðingarnar nokkurs konar hvíld frá því? „Já, eiginlega, ég var bara að draga andann eftir þá útgáfu og notaði þýðinguna til að koma mér niður á jörðina í haust.“

Og hvar geta áhugasamir orðið sér úti um Tam o'Shanter? „Ég er nú ekki búinn að dreifa henni í bókabúðir en þá er á stefnuskránni að koma henni allavega í búið í miðbænum. Þangað til geta þeir sem áhugasamir eru sent mér skilaboð á Facebook og tryggt sér eintak.“

frikab@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**HRAFNHILDUR ODDNÝ  
KRISTBJÖRNSDÓTTIR**  
Móabardi 20, Hafnarfirði,



lést á Landspítalanum sunnudaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 6. febrúar klukkan 13.00.

Kristín Ómarsdóttir  
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir  
Árni Björn Ómarsson

Sveinbjörg Bjarnadóttir  
Borghildur Þórisdóttir  
Hrafnhildur Hugrún, Álfur Kristín,  
Þórir, Oddný og Þórunn.



Systir okkar,

**KRISTRÚN ANNA FINNSDÓTTIR**  
frá Ytri-Á, Ólafsfirði,



lést 29. janúar á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Fyrir hönd systkinanna,  
Eva Finnsdóttir.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LISTAVERK Í TRÉ OG GRJÓTI

Jón Adólf Steinólfsson listamaður kynnir feril sinn í hörðum efnum á handverkskaffi í Gerðubergi á miðvikudagskvöld kl. 20. Jón Adólf hefur lengi unnið listaverk sín í tré en fyrir nokkrum árum ákvað hann að taka nýrri áskorun og gera listaverk í grjót. Aðgangur er ókeypis.

## LAUS VIÐ 50 KÍLÓ

**MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ** Vigdís Linda og Adrian Jack aðhyllast „vegan“ mataræði og gerbreyttu lífsstíl sínum fyrir nokkrum árum. Þau halda ókeypis námskeið þar sem þau miðla reynslu sinni og kenna heilsumatargerð.

**H**jónin Vigdís Linda og Adrian Jack standa fyrir ókeypis námskeiðum í heilsumatargerð. Hugmyndin að heilsunámskeiðinu varð til eftir að Adrian breytti um lífsstíl fyrir fimm árum en hann var þá orðinn 134 kíló, með sykursýki og of háan blóðþrýsting og tók daglega lyf. Með breyttum lífsstíl náði hann af sér fimmtíu kílóum og er laus við öll lyfin.

„Við erum á „vegan“ mataræði, sem sagt grænmetisætur sem sneiða hjá eggjum og mjólkurvörum, og á námskeiðunum fær fólk fræðslu um það mataræði,“ útskýrir Vigdís Linda. Námskeiðið verður haldið einu sinni í viku næstu sex vikur.

„Við byggjum námskeiðið upp á fyrirlestur og fræðslu og Adrian miðlar sinni reynslu. Í lok hvers fyrirlesturs er gefið smakk af heilsurétti og ég sendi uppskriftirnar út á alla þátttakendur. Námskeiðið endar svo á matreiðslukennslu þar sem við eldum öll saman mismunandi heilsurétti.“

Vigdís og Adrian hafa haldið heilsumatreiðslunámskeiðin síðustu fimm ár. Það eru þó ekki einu námskeiðin sem þau hafa staðið fyrir.

„Þegar kreppan skall á settum við saman ýmiss konar ókeypis námskeið, svo sem þrjónanámskeið, tungumálanámskeið og ýmislegt fleira. Okkur langaði einfaldlega að hjálpa til í þjóðfélaginu,“ segir Vigdís.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 5. febrúar klukkan 20.10 í Loftsalnum, Hólshrauni 3. Skráning í síma 867-1640 eða á vigdislinda@hotmail.com

Aðgangur er ókeypis.

### PAPRIKUKASJÚ-OSTUR

- 1 bolli paprika, skorin í bita
- 1 bolli kasjúhnetur
- 3 msk. gerflögur
- 1 3/4 tsk. salt
- 2 tsk. laukduft
- 1/4 tsk. hvítlauksduft
- 1 tsk. paprikuduft
- 1/2 msk. maizenamjöl



**ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ** Adrian léttist um 50 kíló eftir að hann breytti um lífsstíl. Á námskeiðunum miðlar hann af reynslu sinni og kennir heilsumatargerð.

MYND/VALLI



### 2 msk. sítrónusafi 2 bollar kalt vatn

Paprikan er soðin í einum bolla af vatni við hæsta hita, þar til hún er orðin mjúk. Á meðan paprikan sýður er allt annað innihald sett í blandara og blandað þar til orðið mjúkt. Paprikunni er síðan hellt út í ásamt soðinu og blandað vel saman við. Síðan er blöndunni hellt í pott og látið sjóða þar til orðið þykkt. Mikilvægt er að hræra stanslaust í á meðan til að koma í veg fyrir að kekkir myndist. Sett í skál og látið kólna. Geymist í ísskáp í viku eða lengur. Gott út á kex og brauð.

**PAPRIKUKASJÚ-OSTUR** Adrian og Vigdís Linda kenna „vegan“ matreiðslu á ókeypis námskeiðum. Námskeiðið hefst 5. febrúar og fer skráning fram á vigdislinda@hotmail.com



### Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

**JARNGLER**

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

## TUDOR RAFGEYMAR



Veldu öruggt start með TUDOR.

**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

# Rýmum

til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!

Komdu og gerðu ævintýrlega góð kaup!

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



Verð frá 7990

**VENTS**

**VIFTUR**

**ishúsið**

viftur.is

Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur, græn gata

**benecos**

náttúrleg fegurð

Lifrænar snyrtivörur

Kiktu á verðið!

25% afsláttur af bökuðum augnskuggum í febrúar

Fæst í Heilsuhúsinu, Lífandi Markaði, Systrasamlaginu, Rædisu, Fjarðarkaup, Garðsapóteki, Snyrtistofunni Rán, Heilsuveri, Heilsutorgi Blómavals og á tofa.is


**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR**

**AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM**

Allt að 70%



Mósel hornsófi verð **287.900** áður ~~359.900~~



Vín sófasett 3+1+1 verð **290.320** áður ~~362.900~~

**Tungusófar frá 125.900 kr**  
**Hornsófar frá 129.900 kr**  
**Sófasett frá 199.900 kr**

Sjónvarpskápur **55.900**

Skenkur **77.000**

Barskápur **89.000**

Rúm frá **99.000**

Sjónvarpsskápar frá **33.500**

Opið virka daga kl. 10-18 laugard. 11-16

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - [www.patti.is](http://www.patti.is)

**PATTI** HÚSGÖGN

# TÆKIFÆRI FYRIR ÍSLENSKA HÖNNUN

**HÖNNUN Í SÍMANN** Stór hluti erlendra ferðamanna sem koma hingað á snjallsíma og spjaldtölvu. Það skapar mörg tækifæri fyrir íslenska hönnuði.

Flestir erlendir ferðamenn hafa áhuga á að kaupa íslenskt handverk og hönnun og meirihluti þeirra myndi nýta smáforrit (app) til að finna slíkar vörur ef það væri í boði. Þessum niðurstöðum kemst Margrét Rós Einarsdóttir að í lokaverkefni sínu í alþjóðaviðskiptum sem hún lauk frá Háskólanum á Bifröst. Viðfangsefni loka-verkefnisins var markaðssetning handverks og hönnunar með hjálp nýjustu net- og snjallsímataekni og um leið að kanna hvort markaðssetning í gegnum smáforrit gæti aukið sýnileika eða sölu á handverki og hönnun í dreifðum byggðum til erlendra ferðamanna. Hún segir ljóst að Íslendingar eigi ört vaxandi auðlind í skapandi greinum sem huga þurfi mjög vel að. „Það er nauðsynlegt að skoða hvaða leiðir eru mögulegar til að koma þessum auðlindum betur á framfæri, sérstaklega með tilliti til vaxandi ferðamannaverslunar. Það hefur varla farið fram hjá fólki að tækninýjungum í net- og snjallsímataekni fleygir óðum fram og spilar núorðið mjög stórt hlutverk í daglegu lífi fólks. Meirihluti ferðamanna á snjallsíma og fimmtungur þeirra á spjaldtölvu. Ferðamenn nota tækin yfirleitt á ferðalögum og í auknum mæli til að fá rafræna ferðaleiðsögn.“

Ein lausnin að mati Margrétar Rósar er að þróa einfalt og notendavænt smáforrit sem ætlað er erlendum ferðamönnum sem vilja kaupa íslenska hönnun. „Það myndi hjálpa þeim mikið að finna þær vörur sem þeir hafa áhuga á um leið og þeir ferðast um landið. Það yrði svo í höndum stofnana og samtaka greinarinnar að halda utan um forritið og koma því á framfæri. Raunar tel ég að opinberir aðilar ættu að hafa forystu um slíkt verkefni enda eru skapandi greinar orðnar ein af fjórum mættarstólpum atvinnulífsins. Með slíkum stuðningi væri hægt að þróa einfalt og notendavænt smáforrit þar sem íslenskum hönnuðum gæfist kostur á að koma vörum sínum betur á framfæri.“

Að hennar mati virðast söluaðilar hönnunar og handverks hér á landi ekki hafa nýtt sér nógu vel þau tækifæri sem liggja í erlendra ferðamannaverslun. „Það kom mér til dæmis á óvart að aðeins rétt rúmur helmingur seljenda heldur úti heimasíðu til að kynna vörur sínar. Samfara byltingu í snjallsímataekni hefur samspil kaupanda og seljanda gjörbreyst. Neytendur ætlast til þess að geta nálgast upplýsingar hvar og hvenær sem er en mikil aukning er á sölu í gegnum snjallsíma og spjaldtölvu.“ Hönnuður og söluaðilar í greininni verði því að taka fullan þátt í upplýsingaþróun og netvæðingu til að auka samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

„Þeir þurfa að gera sér grein fyrir því að samvinnu allra þarf til að þetta verði að veruleika. Flestir hönnuðir eru einyrkjar og með smáforriti væri hægt að mynda vettvang fyrir alla sem eru að selja íslenskt handverk til að koma sér betur á framfæri með litlum sem engum tilkostnaði.“

■ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)



**SPENNANDI TÍMAR** „Það er nauðsynlegt að skoða hvaða leiðir eru mögulegar til að koma þessum auðlindum betur á framfæri,“ segir Margrét Rós Einarsdóttir.

MYND/VILHELM



**EFTIRSÓTT HÖNNUN** Erlendir ferðamenn hafa mikinn áhuga á íslenskrri hönnun.

MYND/KAUFÉLAGIÐ



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
 Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, [sverrir@365.is](mailto:sverrir@365.is), s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, [kolli@365.is](mailto:kolli@365.is), s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg.fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ásdís Írena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Njörvasund 17 22,3m**  
Opið hús mánudaginn 3. febrúar kl. 17:30-18:00




Vantar eignir á skrá  
Fritt verðmat

Leiðbeinendur eru Ingvar Jónsson (t.v.) markaðsfræðingur og MBA frá CBS og Matti Ósvald (t.h.) heilðrænn heilsufræðingur frá IPSB, báðir voltaðir frá International Coach Federation og reyndir stjórnendamarkþjálfar.

■ Nauthóll Reykjavík 14. feb. - 21. mar.

■ SÍMEY Akureyri 18. feb. - 18. mar.

Nánari upplýsingar á [profectus.is](http://profectus.is)



**PROFECTUS**  
gerum gott betur!



## Snæfell og Haukar í Höllina

Það verða Snæfell og Haukar sem mætast í bikarúrslitaleik kvenna í körfubolta í ár en þau unnu bæði leiki sína í undanúrslitum Powerade-bikars kvenna um helgina. Snæfell vann 27 stiga stórsigur á KR á heimavelli, 88-61, en Haukakonur fóru til Keflavíkur og slógu út Ísland-meistarana. Haukaliðið lenti undir í byrjun en tryggði sér 76-66 sigur með flottum seinni hálfleik. Lele Hardy var með 26 stig og 29 fráköst fyrir Hauka og Margrét Rósa Hálfdanardóttir skoraði 16 stig. Chynna Brown skoraði 27 stig fyrir Snæfell og Hildur Björg Kjartansdóttir var með 15 stig og 11 fráköst. Haukakonur eru komnar í bikarúrslitin í nýunda sinn en þær voru síðast í Höllinni fyrir fjórum árum. Snæfelliðið var að komast í annan bikarúrslitaleik sinn á þremur árum en ólíkt Haukum (5 bikarmeistararitlar) þá hefur kvennaliði Snæfells aldrei unnið bikarinn.



## Tindastóll og Þór geta bæði stigið söguleg bikarskref í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Undanúrslitaleikir Powerade-bikars karla fara báðir fram í kvöld. Grindavík og Þór úr Þorlákshöfn mætast í Röstinni í Grindavík og Tindastóll tekur á móti ÍR í Síkinu á Sauðárkróki. Báðir leikir hefjast klukkan 19.15. Tindastóll og Þór geta bæði stigið sögulegt skref með því að tryggja sér sæti í bikarúrslitaleiknum. Lærisveinar Bárðar Eypórssonar í 1. deildarliði Tindastóls hafa unnið alla 15 leiki sína í deild og bikar á tímabilinu og komist þeir í bikarúrslitaleikinn verða þeir fyrsta liðið utan úrvalsdeildar til að spila bikarúrslitaleik. Ellefu lið utan úrvalsdeildar hafa komist svona langt frá því að úrvalsdeildin var stofnuð 1978, þar



HELGI RAFN VIGGÓSSON Fyrirliði Tindastóls.

af tvö á síðustu tuttugu árum, KFÍ í fyrra (13 stiga tap fyrir Keflavík) og Breiðablik 2005. Mótherjar þeirra úr ÍR eiga aftur á móti möguleika á því að komast í Höllina án þess að mæta liði úr úrvalsdeild en lærisveinar Örvars Þórs Kristjánssonar í ÍR hafa slegið út Breiðablik (1. deild), Þór Akureyri (1. deild) og goðsagnarlið Keflavíkur á leið sinni í undanúrslitin. Lærisveinar Benedikts Guðmundssonar í Þór úr Þorlákshöfn geta komist í fyrsta bikarúrslitaleikinn í sögu félagsins með sigri í Grindavík í kvöld en þórsliðið er þegar búið að ná sínum besta árangri í bikarinn. Benedikt fór líka með Fjölni í fyrsta sinn í Höllina. Mótherjar þeirra úr Grindavík hafa verið mikið bikarlið undanfarin ár enda hafa Grindvíkingar spilað þrjá af síðustu fjórum bikarúrslitaleikjum.

- 66j



MÆTTUR Alex Oxlade-Chamberlain fagnar í gær. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Uxinn hetja Arsenal í gær

**FÓTBOLTI** Alex Oxlade-Chamberlain, Uxinn, stimplaði sig inn í Arsenal-liðið á ný í gær þegar hann skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri á Crystal Palace. Arsenal endurheimti toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar með sigrinum.

Oxlade-Chamberlain missti úr 19 leiki vegna meiðsla og var þarna að spila sinn fyrsta leik í byrjunarliði í deildinni eftir þau.

Manchester City getur endurheimt toppsætið með sigri á Chelsea á Etihad-leikvanginum í kvöld en þarna mætast besta sóknin og besta vörnin í deildinni.

City er búið að vinna alla 11 heimaleiki sína í deildinni með markatölunni 42-8. Chelsea vann hinsvegar fyrri leik liðanna og nú er að sjá hvort lærisveinar Jose Mourinho geti orðið fyrstir til að taka stig af City-liðinu á Etihad. Margir bíða spennir eftir því. -66j

## ENSKA DEILDIN

NEWCASTLE - SUNDERLAND	0-3
WEST HAM - SWANSEA	2-0
CARDIFF - NORWICH	2-1
EVERTON - ASTON VILLA	2-1
FULHAM - SOUTHAMPTON	0-3
HULL - TOTTENHAM	1-1
1-0 Shane Long (12.), 1-1 Paulinho (61.)	
STOKE - MANCHESTER UNITED	2-1
Charlie Adam 2 (38., 52), Robin van Persie (47.),	
WEST BROM - LIVERPOOL	1-1
Daniel Sturridge (24.) - Victor Anichebe (67.)	
ARSENAL - CRYSTAL PALACE	2-0
Alex Oxlade-Chamberlain 2 (47., 73.)	

# Ekki til Sotsjís til að horfa á

Fjalar Úlfarsson, landsliðsþjálfari Íslands í alpagreinum, leggur áherslu á að íslensku keppendurnir nái árangri á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjís. Okkar fólk hafi þegar fengið smjörþefinn af stórviðburðum.

**ÓL2014** „Við erum með nokkuð sterkan hóp. Ég hugsa að við séum með fleiri jafnsterka einstaklinga en áður,“ segir Fjalar Úlfarsson, landsliðsþjálfari Íslands í alpagreinum skíðaþróttum.

Fjalar er um þessar mundir í Austurríki ásamt landsliðsfólkinu Brynjari Jökli Guðmundssyni, Einari Kristni Kristgeirssyni og Maríu Guðmundsdóttur við æfingar og keppni fram að Vetrarólympíuleikunum í Sotsjís sem settir verða í lok næstu viku.

„Björgvin Björgvinsson var klassa ofar og svo auðvitað Dagný Linda Kristjánisdóttir þegar hún var. Ef þau eru frá talin er hópurninn líklega sterkari en áður.“

Auk fyrrnefndra þriggja skíðakappa keppir Helga María Vilhjálmisdóttir einnig í alpagreinum. Hún er hins vegar stödd í Noregi og mun taka þátt í hraðaæfingum með liði sínu og keppa í mótum þar til að brottför til Sotsjís kemur. Helga María er eini íslenski Sotsjifarinn sem keppir í risasvigi auk svigs og stórsvigs. Þá er gönguskíðagarpurinn Sævar Birgisson í hæðaraðlögun á Ítalíu auk þess sem hann mun keppa á heimsbikarmóti áður en að leikunum kemur.

„Okkur hefur gengið rosalega vel bæði í haust og í vetur,“ segir Fjalar um hin fjögur fræknu í alpagreinunum sem hann hefur umsjón með.

„Það er tilhlökkun og spennan í hópnum. Þetta er hins vegar ekki búið núna. Við þurfum að halda áfram fram að leikum og svo gera eitthvað á leikum,“ segir Fjalar. Tónninn í máli hans gefur til kynna að spýta eigi í lófana í Sotsjís.

„Það er ekki verið að fara á Ólympíuleika bara til að horfa á. Við ætlum að gera okkar besta og ná árangri. Ekki bara vera með.“

Taugastríðið þegar á hólminn er komið getur verið mikið. Það er meira en að segja það að vera til-

**ÍSLENSKA KEPPNISFÓLKID Á ÓL Í SOTSJÍ** Frá vinstri; María Guðmundsdóttir, Sævar Birgisson, Einar Kristinn Kristgeirsson og Brynjari Jökull Guðmundsson. Helga María Vilhjálmisdóttir er síðan á innfelledu myndinni.



búinn í ræsingu hátt uppi í fjalli vitandi að fylgst er með úr öllum áttum. Andlegur undirbúningur fyrir slíkar stundir er afar mikilvægur.

„Við höfum ekki sálfræðing með okkur en við höfum hins vegar aðgang að honum í okkar fagteymi,“ segir Fjalar. Heimsmeistararnótið í Schlading í febrúar í fyrra muni vonandi nýttast íslensku keppendum.

„Við förum með alla okkar keppendur í ólympíuhópnum þangað til að kasta þeim út í djúpu laugina. Viðburðurinn er rosalega stór og allt besta skíðafólk í heimi er meðal þátttakenda. Þau þekkja þetta því pínulítið.“

Íslenski hópurinn flýgur frá Þýskalandi til Rússlands 5. febrúar. Leikarnir verða settir föstudagskvöldið 7. febrúar í beinni útsendingu á Vísi.

kolbeintumi@frettabladid.is

## Keyrir búnaðinn á milli staða í Evrópu

Fjalar hefur verið með íslensku keppendum í alpagreinum ytra meira og minna síðan í ágúst. Hópurinn hefur ýmist verið í Austurríki eða Noregi. Allajafna flýgur íslenska skíðafólk frá einum stað til annars þó að undantekningar séu á því. Í öllum tilfellum keyrir landsliðsþjálfarinn, Fjalar Úlfarsson, Toyota Hiace sendibíl staðanna á milli. Bíltúrarnir geti verið langir.

„Pau stíga kannski upp í vél í Noregi og fljúga til München. Svo keyri ég bílinn til Þýskalands og sæki þau á flugvöllinn,“ segir Fjalar. Mikil hagræðing fylgir því að vera með stóra bifreið til að ferja bæði fólk og allan þann farangur sem afreksfólki í skíðaþróttum fylgir. „Það var verið að áætla þyngd farangurs okkar til Sotsjís. Ég verð sjálfur með 180-190 kg,“ segir Fjalar og á aðeins við æfingabúnað liðsins. Skíðafólk taki sinn búnað með og er hvert með tæplega 100 kg þungan farangur.



FJALAR ÚLFARSSON.

## BESTI ÁRANGUR Í ALPAGREINUM Á SÍÐUSTU ÁTTA VETRARÓLYMPÍULEIKUM

**VANCOUVER 2010**  
Björgvin Björgvinsson  
43. sæti í stórsvigi

**TORINO 2006**  
Björgvin Björgvinsson  
22. sæti í svigi

**SALT LAKE CITY 2002**  
Kristinn Björnsson  
21. sæti í svigi

**NAGANO 1998**  
Sveinn Brynjólfsson  
25. sæti í svigi

**LILLEHAMMER 1994**  
Ásta Halldórsdóttir  
20. sæti í svigi

**ALBERTVILLE 1992**  
Kristinn Björnsson  
43. sæti í risasvigi

**CALGARY 1988**  
Daníel Hilmarsson  
24. sæti í svigi

**SARAJEVO 1984**  
Nanna Leifsdóttir  
38. sæti í stórsvigi



**21. SÆTI Í SVIGI 2002** Kristinn Björnsson er sá sem hefur náð bestum árangri á ÓL undanfarin 38 ár.



**23. SÆTI Í BRUNI 2002** Dagný Linda Kristjánisdóttir hefur náð hæst kvenna á ÓL frá og með 1998. NORDICPHOTOS/GETTY

# 30 dagar - leið til betri lífsstíls

Davíð Kristinsson, næringar- og lífsstílsþjálfari, hjálpar þér að komast í form á nýju ári, fimmtudaginn 6. febrúar, kl. 19:00-21:00



Skráning á [www.30.is](http://www.30.is). Davíð var að gefa út nýja bók með uppskriftum og æfingum sem hjálpa öllum

Námskeiðið fer fram í Lifandi markaði Borgartúni 24. Nánari upplýsingar á [www.lifandimarkadur.is](http://www.lifandimarkadur.is)

Verð: 3.800 kr

Borgartún ☞ Fákafen ☞ Hæðasmári  
[www.lifandimarkadur.is](http://www.lifandimarkadur.is)

LIFANDI  
MARKAÐUR



83%  
heil-  
korna

### Heilkorna

Kornið er nýtt til hins ýtrasta. Ekkert er skilið eftir og öll næringarefni skila sér á diskinn þinn.

### Trefjaríkt

Inniheldur náttúrulegar trefjar sem aðstoða við heilbrigða meltingarstarfsemi.

10 g  
trefjar  
í 100 g



17,9 g  
sykur í  
100 g

### Sykurminnsta súkkulaðimorgunkornið

Lágmarks sykurmagn miðað við annað sykrað morgunkorn.

### Próteinríkt

Prótein eru mikilvæg fyrir uppbyggingu vöðva, styrkja ónæmiskerfið og flytja næringarefni inn og út úr frumum.

10,5 g  
prótein  
í 100 g



# Bragðgott og meinholtt í morgunsárið



### Vítamín og steinefni

Sneisafullt af mikilvægum steinefnum, vítamínum og járni sem nauðsynleg eru starfsemi líkamans.

### Flókin kolvetni

Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.

67,9 g  
kolvetni  
í 100 g



Prófaðu líka án súkkulaðis!

## ORKA SEM ENDIST

Ef þú gerir kröfur um næringarríkt morgunkorn sem er gott á bragðið þá er Weetabix súkkulaði fyrir þig. Njóttu þess að borða morgunverð sem inniheldur 83% heilkorn og er sneisafullur af næringarefnum, trefjum og orku.



## Íslandsmeistarar í frjálsum inni 2014

HAFDÍS SIGURÐARDÓTTIR	UFA
60 metra hlaup	7,58 sekúndur
200 metra hlaup	24,21 sekúndur
400 metra hlaup	54,32 sekúndur
Langstökk	6,40 metrar
Prístökk	12,12 metrar
KOLBEINN HÖÐUR GUNNARSSON	UFA
60 metra hlaup	6,99 sekúndur
200 metra hlaup	21,76 sekúndur
400 metra hlaup	48,96 sekúndur
KÁRI STEINN KARLSSON	ÍR
1500 metra hlaup	3:53,67 mínútur
3000 metra hlaup	8:26,34 mínútur
SVEINBJÖRG ZOPHONÍASDÓTTIR	FH
60 metra grindahlaup	8,92 sekúndur
Kúluvarp	13,37 metrar
BJARKI GÍSLASON	UFA
Prístökk	14,15 metrar
BOGEY RAGNHEIÐUR LEÓSDÓTTIR	ÍR
Stangarstökk	3,60 metrar
SINDRI LÁRUSSON	ÍR
Kúluvarp	15,94 metrar
MARK W. JOHNSON	ÍR
Stangarstökk	4,80 metrar
KRISTINN TORFASON	FH
Langstökk	7,26 metrar
KRISTINN ÞÓR KRISTINSSON	HSK
800 metra hlaup	1:52,25 mínútur
ANÍTA HINRIKSDÓTTIR	ÍR
800 metra hlaup	2:02,93 mínútur
Besta afrek helgarinnar, fékk fyrir það 1132 stig.	
GUÐLAUG EDDA HANNESSD.	FJÖLNIR
1500 metra hlaup	4:54,76 mínútur
FRÍÐA RÚN ÞÓRÐARDÓTTIR	ÍR
3000 metra hlaup	10:36,84 mínútur
GUÐMUNDUR HEIÐAR GUÐM.	FH
60 metra grindahlaup	8,88 sekúndur
HREINN HEIÐAR JÓHANNSS.	ÁRMANN
Hástökk	1,97 metrar
ÞÓRANNA ÓSK SIGURJÓNSD.	UMSS
Hástökk	1,66 metrar

# Dreymt lengi um þessi met

Hafdís Sigurðardóttir átti magnaða helgi en hún vann fimm einstaklingsgreinar á MÍ í frjálsum um helgina. Hápunkturinn var þó þegar hún bætti Íslandsmetið í langstökki með risastökki upp á 6,40 metra.

**FRJÁLSTAR ÍPRÓTTIR** „Ég er rosalega ánægð með þetta, sagði Hafdís Sigurðardóttir, fimmfalduur Íslandsmeistari á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanhúss, en hún vann ekki aðeins fimm einstaklingsgreinar í fyrsta sinn heldur bætti hún sig í öllum greinum fimm.

Hafdís þurfti að hafa mikið fyrir því að keppa í öllum þessum greinum sem fóru nokkrar fram á sama tíma. „Tímasetningin hentar kannski ekki alltaf fyrir svona margar greinar en þetta gekk upp. Ég er samt svolítið þreytt núna,“ viðurkennir Hafdís en hún tók þátt í alls sjö greinum um helgina.

„Langstökkið var toppurinn,“ segir Hafdís en hún bætti ellefu ára Íslandsmet Sunnu Gestsdóttur um tólf sentimetrar þegar hún stökk 6,40 metra á laugardaginn. „Ég var í smá brasi með að láta þetta smella í byrjun. Ég gerði ógilt í næstsíðasta stökkinu og ég sá að það var yfir metinu. Ég var þá frekar pirruð að það hefði verið ógilt. Svo negldi ég á þetta í síðasta stökki,“ segir Hafdís og þetta var stór stund.

Hafdís hefur nú tekið bæði Íslandsmetin í langstökki af Sunnu Gestsdóttur en útmetið féll síðasta sumar. Stökkið um helgina er þó það lengsta í söguninni, innanhúss og utanhúss.

„Ég er búin að dreyma lengi um þessi met. Það er ótrúlega ánægjuleg tilfinning að eiga þetta núna bara sjálf og vita það að það hefur engin kona á Íslandi stökkið lengra en ég. Þetta er rosalega gott,“ segir Hafdís.

Hafdís náði ekki aðeins í gullin í greinum um fimm. „Ég bætti mig í öllum greinum og tvíbætti mig bæði í 60 metra hlaupi og í 200 metra hlaupi. Ég bætti mig líka í 400 metr-unum og í prístökkinu. Það er bara ótrúlegt að þetta geti allt gerst um sömu helgi,“ segir Hafdís ánægð.

Bikarkeppnin er næst á dagskrá hjá henni en hún verður 15. febrúar. „Við fundum ekki alvöru mót um næstu helgi. Ég held að ég fari bara í sveitina og skelli mér kannski á eitt þorablót til að kúpla mig aðeins út úr þessu.

**PAU SIGUR-SÆLUSTU** UFA-fólkið Kolbeinn Höður Gunnarsson og Hafdís Sigurðardóttir unnu alls átta einstaklingsgreinar á MÍ um helgina. Hafdís vann fimm gull og Kolbeinn Höður þrjú en þau unnu bæði öll spretthlaupin.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Ég held að ég sé búin að vinna mér inn smá frí og ætla að njóta lífsins um næstu helgi,“ segir Hafdís í léttum tón.

Hafdís getur ekki keppt í öllum fimm greinum í bikarkeppninni því það eru bara tvær greinar á mann plús boðhlaup. „Ég þarf að velja vel. Mig langar að taka 60 metra hlaupið því mig langar að reyna við Íslandsmetið þar,“ segir Hafdís. Hún hljóp á 7,58 sekúndum í úrslitahlaupinu um helgina og var aðeins fjór-um hundraðshlutum frá Íslandsmeti Geirlaugar Geirlaugsdóttur frá 1996.

„Eftir hlaupið núna um helgina þá er alveg raunhæft að ná því meti ef ég hitti á gott hlaup. Það er gott að hafa Hrafnhild með sér til að keppa við,“ sagði Hafdís en hún hafði betur en

Hrafnhild Eir Hermóðsdóttir í tveimur æsi-spennandi hlaupum.

Hafdís hefur sankað að sér verðlaunum í frjálsum en hvað gerir hún við alla verðlaunapeningana og bikarana? „Verðlaunaskápurinn heima er fullur en ég á nú smíð sem kærasta og hann er búinn að hanna nýjan skáp fyrir mig. Það á bara eftir að hrinda því í framkvæmd. Vonandi fer hann bara að smella sér í að gera það því að það eru bikarar og verðlaun út um alla íbúð,“ segir Hafdís í léttum tón.

„Ég er búin að vera lengi í þessu og þetta gerist ekki á einni nóttu. Það þarf þrautseigju og þor í þetta og svona tekur tíma eins og allt annað. Þetta er bara vinna sem ég fæ ekki borgað fyrir nema í gleði og ánægju.“ oo@frettabladid.is

## Alfreð að taka yfir topplistan

Fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til að eiga tvö tuttugu marka tímabil.

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason var um helgina fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn sem nær að skora tuttugu mörk á tveimur tímabilum í efstu deild erlendis. Alfreð skoraði sitt tuttugasta deildarmark á leiktíðinni fyrir Heerenveen í 3-0 sigri á ADO Den Haag.

Alfreð skoraði 24 deildarmörk fyrir Heerenveen á síðustu leiktíð og setti þar markamet hjá Íslendingi í efstu deild en hann varð þá aðeins þriðji íslenski atvinnumaðurinn sem nær því að brjóta tuttugu marka múrinn.

Pétur Pétursson var stofnmeðlimur tuttugu marka klúbbsins þegar hann skoraði 23 mörk í 33 leikjum fyrir hollensku liðið Feyenoord tímabilið 1979-80.

Atli Eðvaldsson bættist í tuttugu marka klúbbinn rúmum þremur árum síðar þegar hann skoraði 21 mark í 34 leikjum með Fortuna Düsseldorf í vestur-þýsku úrvalsdeildinni 1982-83. Bæði Pétur og Atli urðu í öðru sæti á listanum yfir markahæstu leikmenn en Alfreð varð þriðji markahæstur í hollensku úrvalsdeildinni í fyrra.

Alfreð stoppaði ekki lengi í 19 mörkunum en tveir atvinnumenn voru einu marki frá því að komast í tuttugu marka klúbbinn en það voru þeir Teitur Þórðarson og Arnór Guðjohnsen.

Teitur skoraði 19 mörk fyrir Lens tímabilið 1981-82 og varð fjórði markahæsti maður deildarinnar. Arnór Guðjohnsen varð markahæsti leikmaður belgísku deildarinnar 1986-87 þegar hann skoraði 19 mörk í 34 leikjum.

Alfreð hefur nú skorað í fimm deildarleikjum í röð og aðeins mistekist að skora í 4 af 18 deildarleikjum sínum á þessu tímabili. Mark hans á laugardaginn kom úr víti en 7 af þessum 20 mörkunum hans í vetur hafa komið af vítapunktinum.

Alfreð er markahæstur í hollensku deildinni eins og hann



**44 MÖRK Í HOLLANDI** Alfreð Finnbogason fagnar hér marki sínu um helgina en hann náði með því sögulegu afreki. MYND/NORDIC-PHOTOS/GETTY

### FLEST MÖRK ÍSLENDINGA Í EVRÓPSKRI DEILD

<b>24 MÖRK</b> Alfreð Finnbogason Heerenveen, Hollandi 2012-13	<b>17 MÖRK</b> Ríkhartur Daðason Viking, Noregi 1999
<b>23 MÖRK</b> Pétur Pétursson Feyenoord, Hollandi 1979-80	<b>Gunnar H. Þorvaldsson</b> Norrköping, Svíþjóð 2012
<b>21 MARK</b> Atli Eðvaldsson F. Düsseldorf, Vestur-Þýskalandi 1982-83	<b>16 MÖRK</b> Heiðar Helguson Lilleström, Noregi 1999
<b>20 MÖRK</b> Alfreð Finnbogason Heerenveen, Hollandi 2013-14	<b>Gunnar H. Þorvaldsson</b> Halmstad, Svíþjóð 2005
<b>19 MÖRK</b> Teitur Þórðarson Lens, Frakklandi 1981-82	<b>15 MÖRK</b> Sigurður Grétarsson Luzern, Sviss 1985-86
<b>Arnór Guðjohnsen</b> Anderlecht, Belgíu 1986-87	<b>Ríkhartur Daðason</b> Viking, Noregi 1998
<b>18 MÖRK</b> Arnar Grétarsson Lokeren, Belgíu 2002-03	<b>Tryggvi Guðmundsson</b> Tromsø, Noregi 2000
<b>Veigar Páll Gunnarsson</b> Stabæk, Noregi 2006	<b>Ríkhartur Daðason</b> Viking, Noregi 2000
	<b>Tryggvi Guðmundsson</b> Stabæk, Noregi 2002
	<b>Veigar Páll Gunnarsson</b> Stabæk, Noregi 2007
	<b>Kolbeinn Sigþórsson</b> AZ, Hollandi 2010-11

hefur verið nær allt tímabilið. Hann er nú með fjögurra marka forskot á Graziano Pellè hjá Feyenoord.

Hér fyrir ofan má sjá bestu markatímabil íslenskra leik-

manna í efstu deild í Evrópu en Aron Jóhannsson, sem hefur þegar skorað 12 mörk fyrir AZ Alkmaar á tímabilinu, á góða möguleika á því að komast á listann.

**Veldu notaðan Kia með lengri ábyrgð**



**Kia Sportage EX 4wd**  
Árg. 2013, ekinn 31 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,9 l/100.\*  
► **Verð: 5.590.000 kr.**  
**39.900 kr.** á mánuði

M.v. 58% innborgun og 84 mán. óverðtryggt lán á 9,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,92%. \* Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



The Power to Surprise



# Upplýstara líf fyrir flóttamenn



Fyrir hverja LED ljósaperu sem þú kaupir,  
gefur IKEA Foundation eina evru til að bæta  
aðstæður fjölskyldna í flóttamannabúðum.

Lestu meira á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)



 **UNHCR**  
The UN Refugee Agency







## Stöð 2 kl. 19.20 Eitthvað annað

Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að stíga út úr þægindaramma launþegans og láta drauminn um að gera eitthvað annað rætast.

## Í KVÖLD



### Fisk í dag

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Skemmtilegir og fræðandi þættir þar sem Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari fær ungling sér til aðstoðar í eldhúsið.



### Grey's Anatomy

**STÖÐ 2 GULL kl. 20.00** Níunda sería þessa vinsæla dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



### Man. City - Chelsea

**STÖÐ 2 SPORT 2 kl. 19.50** Bein útsending frá leik Manchester City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

## FM 957 kl. 07.00

### Morgunþáttur FM957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli kl. 07-10 í boði Cocoa Puffs.



# HLUSTAÐU HAFÐU SAMBAND OG SVARAÐU...

## HVAÐ KEMUR NÆST?

**FM957**

6X Á DAG - ALLA VIRKA DAGA - HRINGDU Í SÍMA 511-0957

### BEINHARÐIR PENINGAR OG VEGLEGIR VINNINGAR

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.01 Waybuloo
- 07.20 Latibær
- 08.05 Malcolm In the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.10 Miami Medical
- 10.55 Glory Daze
- 11.40 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor
- 14.25 Wipeout USA
- 15.20 ET Weekend
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Eitthvað annað (7:8)
- 19.45 Mom (12:22)
- 20.05 Um land allt
- 20.35 Nashville (5:20)
- 21.20 Mayday (2:5)
- 22.20 American Horror Story: Asylum (4:13)
- 23.05 The Big Bang Theory
- 23.25 The Mentalist
- 00.05 Girls
- 00.35 Rake
- 01.20 Bones
- 02.05 Orange is the New Black
- 02.55 Boss
- 03.55 Sons of Tucson
- 04.20 Hellcats
- 05.00 Amusement

## SPORT besta sætið

- 07.00 Athletic Bilbao - Real Madrid
- 15.30 Sportsþjallið
- 16.10 Barcelona - Valencia
- 17.50 Seattle Seahawks - Denver Broncos
- 20.30 Spænsku mörkin
- 21.00 Atletico - Real Sociedad
- 22.40 Athletic Bilbao - Real Madrid

## SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Arsenal - Crystal Palace
- 13.10 Cardiff - Norwich
- 14.50 Newcastle - Sunderland
- 16.30 Hull - Tottenham
- 18.10 West Ham - Swansea
- 19.50 Man. City - Chelsea Bein útsending
- 22.00 Messan
- 23.20 Football League Show
- 23.50 Man. City - Chelsea
- 01.30 Messan

## INN

20.00 Frumkvöðlar 20.30 Eldhús meistaranna 21.00 Vafrað um Vesturland 21.30 Stormað um Hafnarfjörð

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

- 17.30 Extreme Makeover: Home Edition
- 18.15 Hart of Dixie
- 19.00 The Amazing Race
- 19.45 The New Normal
- 20.05 Offspring (8:13)
- 20.50 The Glades (6:13)
- 21.30 The Vampire Diaries (22:22)
- 22.15 Men of a Certain Age (9:10)
- 23.00 Revolution
- 23.45 Pretty Little Liars
- 00.25 Nikita
- 01.05 Justified
- 01.50 The Amazing Race
- 02.30 The New Normal
- 02.55 Offspring
- 03.35 The Glades
- 04.20 The Vampire Diaries
- 05.05 Men of a Certain Age

## Krakkastöðin

07.00 Lukku láki 07.22 Ofurhundurinn Krypto 07.43 Latibær 07.55 Mamma Mu 08.00 Ljótí andurunginn og ég 08.23 Elías 08.34 Ævintýraferðin 08.47 UKI 08.52 Tommi og Jenni 09.00 Dóra könnuður 09.24 Mörgæsimar frá Madagaskar 09.46 Doddi litli og Eyrnastór 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.46 Hvellur keppnisbill 10.56 Rasmus Klumpur og félagar 11.00 Lukku láki 11.22 Ofurhundurinn Krypto 11.43 Latibær 11.55 Mamma Mu 12.00 Ljótí andurunginn og ég 12.24 Elías 12.35 Ævintýraferðin 12.48 UKI 12.53 Tommi og Jenni 13.00 Dóra könnuður 13.24 Mörgæsimar frá Madagaskar 13.46 Doddi litli og Eyrnastór 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.46 Hvellur keppnisbill 14.56 Rasmus Klumpur og félagar 15.00 Lukku láki 15.22 Ofurhundurinn Krypto 15.43 Latibær 15.55 Mamma Mu 16.00 Ljótí andurunginn og ég 16.25 Elías 16.36 Ævintýraferðin 16.48 UKI 16.53 Tommi og Jenni 17.00 Dóra könnuður 17.24 Mörgæsimar frá Madagaskar 17.46 Doddi litli og Eyrnastór 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.46 Hvellur keppnisbill 18.56 Rasmus Klumpur og félagar 19.00 Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið 20.20 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men
- 20.00 Grey's Anatomy (16:24)
- 20.45 Sjálfstætt fólk
- 21.15 Eldsnögg með Jóa Fel (11:12)
- 21.45 Ally McBeal (15:23)
- 22.30 Without a Trace (20:23)
- 23.10 Nikolaj og Julie
- 23.55 Anna Pihl
- 00.40 Sjálfstætt fólk
- 01.05 Eldsnögg með Jóa Fel
- 01.35 Ally McBeal
- 02.20 Without a Trace
- 03.05 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 10.45 Love and Other Drugs
- 12.35 Spy Next Door
- 14.10 The Bourne Legacy
- 16.20 Love and Other Drugs
- 18.10 Spy Next Door
- 19.45 The Bourne Legacy
- 22.00 The Messenger
- 23.50 127 Hours
- 01.25 Brooklyn's Finest
- 03.35 The Messenger

## RÚV

- 16.35 Herstöðvarlíf
- 17.20 Froskur og vinir hans
- 17.27 Grettir
- 17.38 Engilbert ræður
- 17.55 Tákn málsfréttir
- 18.05 Prekmótaröðin 2013
- 18.30 Landinn
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.00 Fisk í dag Skemmtilegir og fræðandi þættir þar sem Sveinn Kjartansson matreiðslumeistari fær ungling sér til aðstoðar í eldhúsið. Þeir matreiða einfalda og fjótlega fiskrétti sem höfða til ungs fólks, eins og lax í taco, saltfisksþitsu, ýsu í pítubrauði og blálönguhamborgara.
- 20.10 Aldamótabörn – Unglingsárin (2:2) (Child of our time)
- 21.10 Dicte (10:10) (Dicte) Dönsk saka-málaþáttaröð byggð á sögum eftir Elsebeth Egholm um Dicte Svendsen blaðamann í Árósum. Meðal leikenda eru Iben Hjejle, Lars Brygmann, Lars Ranthe, Ditte Ylva Olsen og Lærke Winther Andersen.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Frú Vigdís Finnbogadóttir)
- 22.45 Saga kvikmyndanna – Kvikmyndir núna og í framtíðinni (15:15) (The Story of Film: An Odyssey)
- 23.50 Kastljós
- 00.10 Fréttir
- 00.25 Næturvarp
- 07.30 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 Judging Amy
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 Top Gear
- 19.05 Cheers
- 19.30 Happy Endings (22:22)
- 19.55 Trophy Wife (5:22)
- 20.20 Top Chef (9:15) Vinsæl þátta-röð um keppni hæfileikaríkra matreiðslumanna sem öll vilja ná toppnum í matarheiminum.
- 21.10 Hawaii Five-0 (13:22) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum.
- 22.00 CSI (5:22)
- 22.50 CSI
- 23.35 Law & Order: Special Victims Unit
- 00.20 Hawaii Five-0
- 01.10 CSI. New York
- 02.00 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 11.00 PGA Tour 2014 - Highlights 12.00 Golfing World 2014 12.50 European Tour 2014 16.50 Herminator Invitational 17.25 Golfing World 2014 18.15 Inside The PGA Tour 2014 18.40 Golfing World 2014 19.30 Inside The PGA Tour 2014 19.55 Íslandsmótið í höggleik 23.05 Herminator Invitational

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,2 Útv. Latibær  
FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 102,9 Lindin  
FM 97,7 X-ið FM 100,5 Kaninn FM 105,5 Útvarp Boðun





DACIA DUSTER 4X4

Í FYRSTA SÆTI

HAGKVÆMASTI JEPPINN\*



## DACIA DUSTER 4X4 DÍSIL

5,3 l/100 km í blönduðum akstri

# 3.990 PÚS. KR.

KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI KR. 400.000  
Á SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLUM TIL ÁRAMÓTA.

DRÁTTARBEISLI  
VETRAR- OG SUMARDEKK

16 TOMMU ÁLFELGUR  
METALLIC LAKK



Árlega birtir þúska bílablaðið AutoBild niðurstöður frá eftirlitsfyrirtækinu EuroTax-Schwacke um rekstrarhagkvæmni bíla. Í ár unnu Dacia bílar til fimm verðlauna af ellefu eða fleiri verðlauna en nokkur önnur bílategund. Dacia Duster bar sigur úr bótum í jeppaflokknum. Sjá bílablaðið AutoBild Nr. 49/2012.

Dacia Duster var valinn bíll ársins 2013 í Skotlandi og Skotar vita allt um hagkvæmni.

### UMMÆLI

Fáir viðskiptavinir gera meiri kröfur um rekstrarhagkvæmni en bílaleigur. Íslenskar bílaleigur hafa keypt á annað hundrað nýja Dacia Duster á árinu.

Umsagnir þeirra eru allar á einn veg: „Dacia Duster er gríðarlega hagkvæmur bíll í rekstri og hentar vel við allar aðstæður hér á landi. Gott fjór hjóladrif, sparneytinn og ótrúlega rúmgóður. Dacia Duster hefur reynst okkur ótrúlega vel.“

Magnús Sverrir Þorsteinsson  
Blue Car Rental

EXTRA LÁGUR 1. GÍR - LÆSING Á MIÐDRIFI - STÖÐUGLEIKASTÝRING OG SPÓLVÖRN  
HLJÓMTÆKI MEÐ GEISLASPILARA OG USB-TENGI FYRIR MP3 - AÐGERÐARHNAPPAR VIÐ STÝRI - LOFTKÆLING

[www.dacia.is](http://www.dacia.is)



BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080



## MÁNUDAGSDÝRIÐ



„Górállan er gott dýr til að taka sér til fyrirmyndar á mánudögum. Þá fer maður óttalaus, hávær og handleggjalangur inn í vikuna.“

Sigrún Hlín Sigurðardóttir myndlistarkona.

## Dansandi málverk til sýnis á Sólon

Dansarinn Unnur Elísabet Gunnarsdóttir opnaði um helgina sýningu á dansandi ljósmyndum.

„Ég hef alla ævi verið að dansa og ég held það sjáist í myndunum,“ segir Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansari um verkin sem nú eru til sýnis á efri hæðinni á kaffihúsinu Sólon. Hún segist sjálfærð í ljósmyndun – áhugamálið hafi breyst í ástríðu og nú sé hún stolt að sýna verk sín.

„Þetta er í raun myndlist frekar en hefðbundnar ljósmyndir. Nálgunin er önnur. Ég vinn mikið með dönsurum og markmiðið er að fanga hreyfinguna, hreyfingu líkamans í rýminu í verkinu,“ segir Unnur.

Unnur var lengi fastráðinn dansari við Íslenska dansflokkinn en hætti í dansflokknum í maí. Nú er hún á samningi við Borgarleikhúsið og hefur dansað í yfir hundrað sýningum af Mary Poppins. Ljósmyndirnar taka hins vegar sífellt meira pláss í hennar lífi.

„Ég hef fengið svakalega góð viðbrögð við þessum myndum. Það er gaman að þróa sig áfram og gera eitt hvað nýtt,“ segir dansandi ljósmyndarinn Unnur, stolt af sýningunni sem stendur nú almenningi opin á Sólon. -sb



**GLEÐI Á OPNUN**  
Unnur Elísabet Gunnarsdóttir við eitt verka sinna á sýningunni.  
MYND/ÚR  
EINKASAFNI

## Stjörnukötturinn Bergur í meðferð

„Maður finnur að hann hefur átt heimili,“ segir Halldóra Björk, starfsmaður Kattholts.

Kötturinn Bergur fær gott atlæti hjá Kattholti eftir að hafa verið á vergangi árum saman. „Við komum honum undir dýralæknishendur eftir að okkur var tilkynnt um hann,“ segir Halldóra Björk Ragnarsdóttir, starfsmaður Kattholts og formaður Kattavinafélagsins. „Núna er hann í meðferð.“

Bergur er með nafntogaðri köttum á landinu. Hann er kenndur við Hnotuberg í Hafnarfirði, því það er hverfið sem hann flakkaði um í minnst átta ár. Bataferli hans er vel skrásett á Facebook og hann á sér marga aðdáendur sem fylgjast í ofvæni með honum batna.

Bergur hefur fengið ýmis meðul við kvillum sem plaga hann. „Hann fékk sýklalyf, vítamín, ormalyf og hefur einnig verið meðhöndlaður við eyrnamaur,“ segir Halldóra. „Svo var hann geltur og rakaður í gær. Feldurinn á honum var mjög illa farinn.“

Halldóra segir að ástandið sem Bergur var í þegar honum var bjargað sé víti til varnaðar fyrir kattaeigendur. „Þetta sýnir hversu mikilvægt það er að láta gelda fressketti. Svona fer fyrir köttum sem ekki er búið að gelda. Þeir slást við aðra ógelta fressketti, allir að berjast fyrir lífi sínu og um hvern matarbita. Eða þeir lenda á vergangi, eins og Bergur.“ Feldur Bergs bar þess glögglega merki að hann hefur lent í slagsmálum. „Það voru kleprar á feldinum þegar hann kom hingað fyrst,“ segir Halldóra.

Bergi er farið að líða betur. „Hann fær góða umönnun hjá starfsfólki Kattholts,“ segir Halldóra. „Hann er farinn að gefa sig meira að okkur. Maður finnur



Á BATAVEGI Bergur hefur fengið gott atlæti í Kattholti.

MYND/ÚR  
EINKASAFNI

alveg að hann hefur einhvern tímann átt heimili,“ segir Halldóra. „Ef þetta væri alveg villtur köttur þá væri erfiðara að nálgast hann. Bergur lætur alveg klappa sér. Þú klappar ekki alveg villtum ketti,“ segir Halldóra.

Halldóra er vongóð um að Bergur eigi bjarta framtíð fyrir höndum. „Enn er þó mikið verk að vinna,“ segir Halldóra. Kötturinn

á ekki eins auðvelt með að treysta fólki og kettir sem hafa átt náúgri daga. „Ef hann fengi gott heimili væri það mikil áskorun að mynda traust. Hann er hálfvilltur eftir útiveruna, enda var hann í um átta ár á vergangi, eftir því sem okkur var sagt,“ segir Halldóra.

Fylgjast má með bataferli kattarins Bergs á Facebook-síðu Kattholts. [ugla@frettabladid.is](http://ugla@frettabladid.is)

## Helga hennar litríka sundboli

Fatahönnuðurinn Helga Lilja Magnúsdóttir sækir innblástur í málverk.

Helga Lilja hennar fót undir merkjum Helicopter sem er hennar eigið framleiðslufyrirtæki. Fyrir tveimur árum sá hún verk eftir myndlistarkonuna Hörpu Björnsdóttur sem hafði ákveðið að mála mynd á dag í Meistaramánuði og sýna almenningi. Hún varð heilluð af myndunum og sá fyrir sér að þær gætu skapað flott munstur á fötum.

„Harpa er vinkona mín og eftir að ég sá myndirnar spurði ég hana strax hvort hún væri til í að vinna með mér,“ segir Helga. „Fyrsta flíkin sem varð til úr þessu samstarfi er sundbolurinn sem ég sýndi á Facebook í vikunni en munstur eftir hana verða á fleiri flíkum sem ég kynni á næstunni.“

Helga segist alltaf hafa gert sín

munstur sjálf en stíll Hörpu sé skemmtilegur og hafi kveikt áhuga hennar á samstarfi. Sjálf er Helga að hefja fjórða starfsár sitt með Helicopter-vörurnar. Hún rekur verslunina Kiosk ásamt fleiri hönnuðum og segist hanna vörur á konur úr þægilegum efnum og einföldum sniðum þar sem litagleðin ræður ríkjum.

„Fatahönnunarbransinn er auðvitað enginn dans á rósum. Maður verður að taka áhættu en það er gaman að sjá hugmyndir verða að veruleika,“ segir Helga.

Fötin eftir hana og Hörpu verða til sölu í Kiosk í sumar auk þess sem Helga selur vörur í búðum í Bandaríkjunum og Bretlandi. -sb



LITRÍKUR SUNDBOLUR Helga notaði munstur úr málverki eftir Hörpu Björnsdóttur vinkonu sína í sundbolinn. MYND/HELGA LILJA

ICELANDAIR 1011 Fjótlegt og þægilegt  
Coca-Cola Domino's

**SPORT 2**  
enski boltinn

**SPORT 2** Í kvöld kl. 19:50

## Man. City Chelsea


Það verður toppslagur á Etihad-leikvanginum í kvöld þegar ljósbláa skemmtikraftarnir í Manchester City mæta José Mourinho og lærisveinum í Chelsea. Hvorugt lið vill misstíga sig í toppbaráttunni og því verður hart barist frá upphafi til enda. Ekki missa af þessum stórleik í kvöld!

Fáðu þér áskrift! **365.IS**



# MINNKAÐU SÍGARETTUNOTKUN SMÁM SAMAN OG VERTU REYKLAUS MEÐ NICOTINELL

Dæmi um minnkun reykinga með Nicotinell 2 mg lyfjatyggigúmmí - valkostur á leið til reykleysis



Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur níkotín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr níkotínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður níkotíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmí fyrir einstaklinga með mikla níkotínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingapörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgang lyfjatyggigúmmí þar sem reykingapörf getur skýndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettu á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir níkotíni eða einhverju hjálparefnaða, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafraeðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lífrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingur með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform níkotínlyfja. Sjúklingar með arfgengt fruktósaþöpl skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natrium og bütýlhýdroxytölúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af níkotíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Yrsa vinsæl vestanhafs

Bandarískir gagnrýnendur lofa skáldsöguna *Ég man þig, eftir Yrsa Sigurðardóttur*, sem ber titilinn *I Remember You* á ensku. Hún kemur út í Bandaríkjunum 25. mars. Sagan hefur fengið umfjöllun í virtum tímaritum sem eru mikið lesin af bóksölum og bókavörðum sem þeir byggja gjarnan sín innkaup á. Yrsa er sögð einn bestu norrænu glæpasagna-höfundanna í tímaritinu *Booklist*. Gagnrýnendur tímaritanna *Publishers Weekly* og *Library Journal*, sem hafa bæði komið út í yfir 120 ár, mæra söguna einnig. Bókaútgáfan *St. Martin's Press* í New York gefur *I Remember You* út. - kak



#### Upphefð að utan

Sigurganga myndarinnar *Hross í oss* eftir *Benedikt Erlingsson* heldur áfram á alþjóðlegum vettvangi. Myndin hefur nú verið valin á hina virtu kvikmyndahátíð *New Directors/New Films* eða *Nýir leikstjórar/Nýjar myndir* í *Lincoln Center* og *MoMA* í New York í mars. Þetta er í 43. sinn sem hátíðin verður haldin en þar eru valdar myndir sem þykja þróa kvikmyndamiðilinn og benda á nýja möguleika í kvikmyndagerð. Á síðustu hátíð var heimildarmyndin *The Act of Killing* meðal annars sýnd á hátíðinni. Er þetta enn ein rósín í hnappagat *Benedikts Erlingssonar* sem ákvað á dögunum að gera hlé á vinnu sínu í leikhúsum til að einbeita sér að kvikmyndagerð. - sb



#### Mest lesið

- 1 Bílarnir eru ónýtir
- 2 Heimurinn séður úr hjálmi Baumgartners
- 3 „Menn munu fylgjast vel með í kvöld“
- 4 Kona *Stinky* endurheimt eftir þrjá mánuði
- 5 Boeing-þota máluð í stærsta málningarskýli heims

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð *Blaðberann þinn* í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

SÍÐUSTU DAGAR!

STÓR ÚTSALA!

# ÚTSALA REKKJUNNAR

# 50-60%

# AFSLÁTTUR

ÓTRÚLEG VERÐ!

**STOCKHOLM**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 163.600 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 81.800 kr.**

50% AFSLÁTTUR!

SÆNGURFÖT  
**40% AFSLÁTTUR!**

**DAKOTA**  
King Size rúm (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 234.200 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 117.100 kr.**

50% AFSLÁTTUR!

DÚNSÆNGUR  
**30% AFSLÁTTUR!**



# rekkjan